

Tryggvi Snær slær met



Nýr ritstjóri Bændablaðsins



Sigraðu innkaupin með appinu

nettó



Íþróttir > 18

Tímamót > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

82. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 28. APRÍL 2022



Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, sat fyrir svörum hjá fjárlaganefnd Alþingis í gær ásamt Lárusi Blöndal stjórnarformanni. Þar svöruðu þeir spurningum þingmanna og var víða komið við. Meðal annars að verðið hafi verið ásætlanlegt og sagði Jón að það hefði haft skelfilegar afleiðingar í för með sér hefði verðið verið hækkað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjálfstæðismenn ekki mælst neðar frá kosningum

Meirihlutinn í Reykjavík heldur velli samkvæmt nýrri könnun Prósents. Flestir vilja sitjandi borgarstjóra áfram í því embætti. Framsóknarflokkurinn fær þrjá menn kjörna.

STJÓRN MÁL Sjálfstæðisflokkurinn tapar þremur borgarfulltrúum til Framsóknarflokksins samkvæmt nýrri könnun um fylgi flokka í Reykjavík sem Prósent framkvæmdi

fyrir Fréttablaðið. Nú þegar rúmar tvær vikur eru til kosninga mælist Framsóknarflokkurinn með 12,4 prósent í könnuninni. Fylgi Sjálfstæðisflokksins stendur í 19,4 prósentum og hefur ekki mælst lægra í könnunum Prósents allt kjörtímabilið.

Samfylkingin, flokkur borgarstjóra, mælist með 23,3 prósent og bætir aðeins við sig frá síðustu könnun, en tapar hins vegar fylgi frá kosningum og missir einn borgar-



Rúm tuttugu prósent þátttakenda í könnuninni hafa ekki gert upp hug sinn.

fulltrúa samkvæmt könnuninni. Viðreisn tapar líka einum borgarfulltrúa en Píratar bæta hins vegar við sig tveimur mönnum og meirihlutinn í borginni heldur því velli samkvæmt könnuninni.

Tæpt 21 prósent þeirra sem tók þátt í könnuninni hefur ekki gert upp hug sinn eða vildi ekki taka afstöðu til spurningarinnar.

Borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson hefur nokkra yfirburði samanborið við önnur borgarstjóraefni en

30 prósent aðspurðra vilja að hann verði áfram borgarstjóri. Hann nýtur yfirburðastuðnings í eigin flokki en kjósendur annarra flokka í meirihlutasamstarfinu nefna hann einnig oft.

Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, nýtur 19 prósent fylgis sem borgarstjóri og þrettán prósent þátttakenda sögðust vilja að Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins, verði borgarstjóri. **SJÁ SÍÐU 6.**

Psssst ...

Einn smellur og maturinn lifnar við!

– með Snjallverslun Krónunnar



Þú finnur Snjallverslun Krónunnar í

App store
Play store
kronan.is

KRÓNAN



Gísli Hauksson er annar stofnandi Gamma.

Gísli biður um lokað þinghald

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Gísli Hauksson, sem ákærður hefur verið fyrir brot í nánú sambandi, gerir kröfu um að þinghöld í málinu verði lokað. Þetta kom fram við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Gísli mætti ekki sjálfur til þinghaldsins en verjandi hans kynnti dóminum þessa afstöðu hans. Brotaþolinn í málinu, fyrrverandi sambýliskona Gísla, gerir ekki kröfu um lokað þinghald, að því er réttargæslumaður hennar upplýsti í þinghaldinu.

Í þinghaldinu upplýsti verjandi Gísla að hann hefði ekki komist til dóms en hygðist þó mæta til að lýsa afstöðu sinni til ákærunnar. Var þingfestingu málsins því frestað um tvær vikur og vænta má að dómari taki í næsta þinghaldi afstöðu til þess hvort þinghald í málinu verði opið eða lokað. ■

Fjölmenni á hitafundi



Mikill hiti var í fundarmönnum á félagsfundi Eflingar sem enn stóð yfir í gærkvöld í Valsheimilinu þegar Fréttablaðið fór í prentun. Sólveig Anna Jónsdóttir formaður hefur sætt gagnrýni eftir hópuppsögn á skrifstofu félagsins og stóð vilji hluta fundargesta til að hnekkja þeirri ákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Segja frændsemi spila inn í ákvörðun um Hverfisfljótsvirkjun í Skaftárhrepp

bth@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR Meirihluti sveitarstjórnar Skaftárhrepps staðfesti á fundi í gær afgreiðslu skipulagsnefndar og heimilaði veitingu framkvæmdaleyfis Hverfisfljótsvirkjunar.

„Ég er hrikalega miður mín og sorgmædd,“ segir Heiða Guðný Ásgeirsdóttir bóndi. Hún ásamt Jónu Björk Jónsdóttur greiddu atkvæði gegn virkjuninni. Bjarki Guðnason, Katrín Gunnarsdóttir og Jón Hrafn Karlsson náðu málinu í gegn.

Heiða segist ekki eiga von á öðru en barist verði með kjafti og klóm gegn því að virkjunin verði að veruleika þótt orrusta dagsins hafi tapast.

Í bókun hennar og Jónu Bjarkar segir meðal annars að raskað verði

ómetanlegri náttúru. Umhugsunarvert sé að meirihluti sveitarstjórnar sé með 141 atkvæði á bak við sig til að taka svo stóra ákvörðun.

„Valdi fylgir ábyrgð og er þetta skýrt dæmi um að skipulagsvald sveitarfélaga án beinnar aðkomu fagstofnana þarf að endurskoða þar sem frændsemi, vinfengi og greiðasemi við nágranna geta leitt til ákvarðana með skelfilegum óafturkræfum afleiðingum fyrir heildarhagsmuni þjóðarinnar.“

Í bókun D-lista, sem styður virkjunina, segir aftur á móti:

„Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur að virkjun í Hverfisfljóti muni bæta tekjumöguleika sveitarfélagsins til framtíðar, bæði með beinum og óbeinum hætti. Virkjunin muni gefa græna orku með sjálfbærni að leiðarljósi og bæta afhendingaröryggi rafmagns.“ ■

Aumar risnur fyrir þau sem sáu um útboð Íslandsbanka

Starfsmenn Bankasýslunnar fengu gjafir í tengslum við störf sín þegar unnið var að útboði á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Gjafirnar þykja heldur aumar svona á alþjóðamælikvarða en prófessor við sagnfræði- og heimspekideild HÍ segir að fólk verði að passa sig í aðdraganda svona sölu.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Starfsfólk Bankasýslunnar fengu vínflöskur, flugelda og jafnvel konfektikassa þegar það vann að útboði á sölu Íslandsbanka fyrir hönd ríkisins. Gjafirnar minna á gamla tíma fyrir hrun þegar risna var nánast daglegt orð í íslenskum fjölmiðlum. Flestir eru þó sammála um að gjafirnar séu hálfmáttlausar en fyrir hrun var þeim sem þurfti að sannfæra hið minnsta boðið í laxveiðitúr.

„Við fengum þarna einhverjar vínflöskur og flugelda og konfektikassa. Svo náttúrulega eru hádegisverðir og kvöldverðir með ráðgjöfum en ekkert annað,“ svaraði Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, á opnum fundi fjárlaganefndar í gær. Formaður nefndarinnar, Bjarkey Olsen, spurði hann hvort starfsfólk hefði nýtt sér eða þegið boð eða gjafir í aðdraganda útboðanna á hlut ríkisins í Íslandsbanka.

„Ísland hlýtur að vera eina landið á þessari vetrarbraut sem býður flugelda sem mútur. Og þiggr þær,“ skrifaði Bragi Valdimar Skúlason á samfélagsmiðilinn Twitter og uppskar dýnjandi lófatak frá notendum miðilsins.

Stórleikkonan Edda Björgvinsdóttir sagði á Facebook-síðu Helgu Völu Helgadóttur, þar sem flugeldarnir og konfektin voru rædd í þau: „You can't make this shit up,“



Forsvarsmenn Bankasýslunnar, Jón Gunnar Jónsson forstjóri og Lárus Blöndal stjórnarformaður komu fyrir fjárlaganefnd Alþingis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Það getur varla verið að starfsfólkið breyti um skoðun fyrir eitthvað svona



Guðmundur Hálfánarson, prófessor við HÍ

og setti þrjú upphrópunarmerki með. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, sagði einfaldlega ha og Ólína Þorvarðardóttir varð orðlaus á þræðinum. „Ég á ekki orð! Þetta eru mútur.“

Guðmundur Hálfánarson, pró-

fessor við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, trúði vart sínum eigin eyrum þegar hann heyrði af gjöfum starfsfólks Bankasýslunnar. „Það getur varla verið að starfsfólkið breyti um skoðun fyrir eitthvað svona,“ segir hann í léttum dúr.

Hann bendir þó á að þetta sé ekkert sérstakt gamanmál þótt hann geti tæplega varist hlátrasköllum yfir flugeldum og hádegisverði starfsfólksins. „Þeir sem eru í störfum fyrir Bankasýsluna þurfa og eiga að passa sig mjög vel. Það á að gæta sín, og ég er ekkert endilega að segja að svona hafi einhver áhrif á fólk, en það þarf að fara mjög varlega í svona störfum. Það er alveg ljóst.“

Það er auðvitað sorglegur undirtónn í þessu því þetta útboð er vissulega klúður frá upphafi til enda. Það hefði verið hægt að gera þetta af meiri fagmennsku.

En þessar gjafir segja kannski hvað var mikil vinna lögð í þetta,“ segir Guðmundur. ■



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR

Gott verð og stuttur afhendingartími!

Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmidjan.is



#Olísdeildin

Úrslitakeppnin í Olísdeildinni er hafin og spennan því í hámarki. Mætum á völlinn og styðjum okkar lið til sigurs!



ÚRSLIT KVENNA

NÆSTU LEIKIR

Fimmtudaginn 28. apríl kl. 18:00 KA-heimilið
KA/Þór - Haukar

Fimmtudaginn 28. apríl kl. 19:40 Vestmannaeyjar
ÍBV - Stjarnan

Laugardaginn 30. apríl kl. 16:00 TM Höllin
Stjarnan - ÍBV

Sunnudaginn 1. maí kl. 16:00 Ásvellir
Haukar - KA/Þór

Þriðjudaginn 3. maí kl. 18:00 Vestmannaeyjar
ÍBV - Stjarnan

Þriðjudaginn 3. maí kl. 19:40 KA-heimilið
KA/Þór - Haukar





Ríkisútvarpið hefur sagt upp 18 á 4 árum vegna aldurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Afar mismunandi starfslokareglur

kristinnhaukur@frettabladid.is

KJARAMÁL Afar mismunandi reglur eru innan opinberra hlutafélaga um starfslokaaldur og sum hafa engar. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Þórarinssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Félögin eru átta samanlagt og þrjú þeirra höfðu sagt upp starfsmönnum á undanförunum fjórum árum vegna aldurs, 45 starfsmönnum hjá Isavia, 18 hjá Ríkisútvarpinu og níu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Sá elsti sem sagt var upp hjá Orkubúinu var 84 ára. Hjá félaginu er miðað við að starfsmenn láti af störfum 70 ára.

Hjá Isavia er miðað við 67 ára aldur en 63 ára hjá flugumferðarstjórum og hjá Ríkisútvarpinu og Rarik er miðað við 70 ár. Engar reglur eru um starfslokaaldur hjá Mátis, Neyðarlínunni eða Nýja Landspítalanum. Hjá Íslandspósti er unnið eftir starfslokaferli þar sem starfslok eru sveigjanleg. ■

Mikill halli á ári á Seltjarnarnesi

bth@frettabladid.is

SELTJARNARNES Alls var 566 milljóna króna halli á A-hluta rekstri Seltjarnarness árið 2021. Þetta kom fram á bæjarstjórnarfundum í gær í umræðu um ársreikninga.

Uppsafnaður halli 2015-2021 er að sögn Karls Péturs Jónssonar, bæjarfulltrúa Viðreisnar, 1.540 milljónir. Skuldir hafa frá 2013 vaxið úr 1,5 milljörðum í 6,1 milljarð.

Á fundinum í gær kristallaðist að sögn Karls Péturs að meirihlutinn sé fallinn. Bjarni Torfi Álfþórsson, sem setið hefur í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn, greiddi þá atkvæði með minnihlutunum um að ráða í stöðu æskulýðsfulltrúa. Þrjár fulltrúar Sjálfstæðismanna urðu undir. Var því samþykkt að fela forstöðumanni fjölskyldumála að ráða í stöðuna. ■

Segir pólitískan jarðskjálfta ríða yfir flokkakerfið

ser@frettabladid.is

PÓLÍTÍK „Í rauninni er þetta ekkert annað en pólitískur jarðskjálfti sem ríður yfir allt íslenska flokkakerfið,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, um nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi stjórnmálaflokkanna á landsvisu sem birtist í gær.

Könnunin sýnir afhroð stjórnarflokkanna, einkum Sjálfstæðisflokks

og Framsóknarflokks, á meðan Piratar og Samfylking sækja verulega á. Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur aldrei mælst minna í viðurkenndri skoðanakönnun, 17,9 prósent, og segir Eiríkur það vera reiðarslag fyrir flokkinn.

Eiríkur var viðmælandi Fréttavaktarinnar á Hringbraut í gærkvöld og lagði þar áherslu á að líklega væri hér komin til sögunnar viðvarandi breyting á flokkakerfinu á Íslandi.

„Flokkakerfið er að umbreytast



Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði.

fyrir augunum á okkur,“ segir hann og bætir við að kjölfestuflokkarnir sem áður mynduðu fjórflokkinn séu ekki lengur það meginafli í íslenskum stjórnmálum sem þeir voru á árum áður.

Hann segir könnunina vera til marks um hvað ríkisstjórnin fari nú í gegnum mikinn ólgusjú, en þar megi það heita eftirtektarvert að Vinstri græn gjaldi orðið sérstaklega fyrir pólitíska erfiðleika Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. ■

Sameiningar sveitarfélaga hækka fasteignaverð vegna betri þjónustu

Samkvæmt nýrri rannsókn hækka fasteignaverð í sveitarfélögum sem sameinast öðrum. Helsti áhrifaþátturinn er bæt þjónusta.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Sameiningar sveitarfélaga valda því að fasteignaverð hækka umfram það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Vífils Karlssonar, prófessors í hagfræði við Háskólann á Bifröst, og Grétars Þórs Eypórssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

„Sameiningar skila marktækum samfélagslegum áhrifum sem birtast í hærri fasteignaverði. Það á sérstaklega við um sameiningu þriggja sveitarfélaga og fleiri,“ segir Vífill.

Vífill segir fasteignaverð verkfæri til þess að afhjúpa fólk, vilja þess og atferli. Það hafi meðal annars verið notað til þess að afhjúpa rasisma, virði náttúruverla og kostnað við mengun þegar búið sé að leiðrétta verðið út frá öðrum breytum sem skipta máli. Vífill og Grétar vildu komast að því hvort raunverulegur ávinningur væri fölginn í sameiningum sveitarfélaga fyrir íbúa.

Rannsóknin náði til árána 1992 til 2006 og 43 sameininga, rúmlega helming allra sameininga frá upphafi. Meðal þeirra sveitarfélaga sem urðu til á þessu tímabili voru Reykjanesbær, Árborg og Skagafjörður. Gerður var greinarmunur á sameiningum út frá hvort um lík og ólík sveitarfélög væri að ræða, út frá íbúafjölda, og hvort tvö sveitarfélög voru að sameinast eða fleiri.

Formúlan var byggð á þeirri sem



Sveitarfélagið Árborg varð til árið 1998 og er ört vaxandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Í smærri sameiningum eru líkurnar minni á að íbúarnir verði varir við ávinning



Vífill Karlsson, prófessor í hagfræði við Háskólann á Bifröst

Vífill notaði í sinni doktorsritgerð þar sem fjarlægð við höfuðborgarsvæðið var tekið inn í breytuna. Fleiri þættir, svo sem stærð, aldur, fjöldi herbergja og fleira eru einnig inni í henni.

Vífill segir engan mun hafa sést út frá því hvort hin sameinuðu sveitarfélög væru lík eða ólík. Hins vegar hafi sést munur út frá fjöldanum. Þegar tvö sveitarfélög hafi sameinast væru áhrif lítil en mun meiri í stærri sameiningum.

Áður höfðu Vífill og Grétar rannsakað kostnað sveitarfélaganna og komist að því að hann hafi ekki lækkað mikið eftir sameiningu. „Ef kostnaður er ekki að lækka þá er annaðhvort verið að lækka skatta eða bæta þjónustu,“ segir Vífill. Einnig gerðu þeir könnun um þjónustu og allnokkrir svarendur sögðu þjónustuna hafa aukist eftir sameiningu.

„Þessi rannsókn staðfestir það að sameiningar bæta þjónustu,“ segir Vífill. „Þar með laða þær að fleiri íbúa, gera þá ánægðari og tilbúnari til að búa lengur á staðnum sem ýtir undir hækkun fasteignaverðs til lengri tíma.“

Fimm sameiningar ganga í gegn í næsta mánuði á Vesturlandi og Norðurlandi. Það er sameining Stykkishólmsbæjar og Helgafells-sveitar, Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps, Skagafjarðar og Akrahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

Vífill telur að áhrifin af þessum sameiningum verði minni en í stórum sameiningum á borð við myndun Borgarbyggðar og Múlaþings. „Í smærri sameiningum eru líkurnar minni á að íbúarnir verði varir við ávinning. Það þarf stærri stökk,“ segir hann. ■

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíl, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíl. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:

32" 255/75R17 - 199.000 kr.

33,5" 285/60R20 - 199.000 kr.

33" 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:

32" 255/75R17 - 69.960 kr.

30,5" 285/60R20 - 79.600 kr.


33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00





WWW.BILALAND.IS

NOTAÐIR BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílar okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.



Rnr. 149020

LAND ROVER Discovery 5 HSE TDV6
Nýskr. 03/18, ekinn 93 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
10.590.000 kr.



Rnr. 149101

SUBARU XV E-Boxer Premium
Nýskr. 04/21, ekinn 4 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.890.000 kr.



Rnr. 110943

BMW 225XE Iperformance
Nýskr. 07/18, ekinn 32 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.490.000 kr.



Rnr. 393375

LAND ROVER Discovery Sport Pure
Nýskr. 05/19, ekinn 86 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.990.000 kr.



Rnr. 380037

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 01/19, ekinn 100 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.990.000 kr.



Rnr. 393366

LAND ROVER Discovery 5 SE TDV6
Nýskr. 06/19, ekinn 95 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
10.890.000 kr.



Rnr. 148988

JAGUAR F-Pace 180d R-Sport
Nýskr. 01/19, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
7.990.000 kr.



Rnr. 380048

SUBARU Outback LUX Harman Kardon
Nýskr. 04/21, ekinn 8 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
7.790.000 kr.

VIÐ ERUM FLUTT Á K7

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði rétt handan við hornið.



OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bilaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lítið má bregða út af í lífi meirihlutans

Framsókn er enn á flugi í borginni samkvæmt nýrri könnun og fengi þrjá borgarfulltrúa. Sjálfstæðismenn tapa jafnmörgum borgarfulltrúum. Yfir 20 prósent hafa ekki gert upp hug sinn.

adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Fylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er komið niður fyrir 20 prósent samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Prósent framkvæmdi fyrir Fréttablaðið. Fylgi flokksins hefur ekki mælt lægra í könnunum Prósent allt kjörtímabilið. Flokkurinn hlaut 30,8 prósent í kosningunum vorið 2018 en mælt nú með 19,4 prósent og fengi fimm menn kjörna.

Samfylkingin mælt nú með 23,3 prósent og bætir aðeins við sig frá síðustu könnun en mælt töluvert lægri en í kosningum þegar flokkurinn fékk 25,9 prósent.

Flokkarnir sem eiga í meirihlutasamstarfi í borginni halda meirihluta sínum samkvæmt könnuninni, mælast samanlagt með 52,2 prósent og fengu 12 af 23 borgarfulltrúum.

Píratar mælast með 15,9 prósent og mælast örlítið lægri en í síðustu könnun en bæta þó verulega við sig frá kosningum þegar flokkurinn fékk 7,7 prósent. Framsóknarflokkurinn er enn á flugi og mælt með 12,4 prósent og bætir við sig tveimur og hálfu prósentustigi frá síðustu könnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi þrjá menn kjörna samkvæmt þessari niðurstöðu.

Sósíalistar bæta töluvert við fylgi sitt frá síðustu könnun og mælast nú með 7,2 prósent. Flokkur fólksins mælt með 6,6 prósent, dalar töluvert frá síðustu könnun en flokkurinn mælt þó enn töluvert yfir kjörfylgi sínu.

Víðreisn tapar öðrum af sínum tveimur borgarfulltrúum samkvæmt könnuninni. Flokkurinn fékk 8,2 prósent í kosningunum en mælt nú með 6,7 prósent sem er hálfu prósentustigi lægra en í síðustu könnun. Vinstri græn tapa því flugi sem hreyfingin var á í síðustu könnun þegar flokkurinn mældist með 10 prósent. Fylgið stendur nú í 6,3 prósentum.

Líkt og í síðustu könnun Fréttablaðsins mælt Miðflokkurinn ekki með mann í borgarstjórn en fylgi flokksins mælt nú 2,1 prósent.

Samkvæmt könnuninni fengi Samfylkingin sex menn í borgarstjórn, Píratar fengu fjóra og Víð-



Framsókn mælist með 12,4 prósent og tekur helst fylgi frá Sjálfstæðisflokknum og Víðreisn.

reisn og Vinstri græn fengu sinn manninn hvor. Meirihlutinn héldi því velli með tólf borgarfulltrúa. Sjálfstæðisflokkurinn fengi fimm menn, Framsóknarflokkurinn þrjá, Sósiálistar tvo og Flokkur fólksins einn fulltrúa. Tæpast stendur Trausti Breiðfjörð, annar tveggja fulltrúa Sósiálista, en síðust inn á undan honum eru Bjarni Jónsson, Sjálfstæðisflokkurinn og Guðný Maja Ríba, Samfylkingunni. Pawel Bartoszek í Víðreisn er ekki inni samkvæmt könnuninni er er hins vegar næstur inn og á eftir honum sjöundi borgarfulltrúi fulltrúi Samfylkingarinnar.

Rúmur fimmtungur þeirra sem tók þátt í könnuninni, eða 21 prósent, hefur ekki gert upp hug sinn eða vildi ekki taka afstöðu til spurningarinnar.


Í könnuninni var einnig spurt hvaða flokk þátttakendur kusu í síðustu kosningum en með því má rýna í hreyfingu á fylginu milli flokka. Þannig kemur í ljós að aukið fylgi Framsóknarflokksins kemur einkum frá kjósendum Sjálfstæðisflokksins, en þrettán prósent þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn síðast segjast ætla að kjósa Framsókn núna en um er að ræða rúman þriðjung þeirra sem segjast ætla að kjósa Framsókn frá fyrirverandi kjósendum Sjálfstæðisflokksins rúman þriðjung þeirra sem hyggjast kjósa Framsókn.

Mesta flokkshollustan er meðal kjósenda Sósiálista og og Flokks fólksins en yfir 85 prósent kjósenda beggja flokka hyggjast verja atkvæði sínu með sama hætti í næstu kosningum.

Flokkshollusta Sjálfstæðisflokksins er aðeins lægri, en 73 prósent þeirra sem kusu flokkinn síðast hyggjast kjósa hann aftur nú. Um 70 prósent kjósenda Pírata og 64 prósent kjósenda Samfylkingarinnar hyggjast kjósa sama flokkinn aftur. Líóst er að kjósendur þessa tveggja flokka keppast töluvert um laust fylgi en þrettán prósent þeirra sem kusu Samfylkinguna síðast ætla að kjósa Pírata nú og

Hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í dag?

■ Kosningar maí 2018 ■ Könnun 1. mars 2022 ■ Könnun 27. apríl 2022



Fjöldi borgarfulltrúa hvers flokks

Flokkur	Eftir kosningar 2018	Samkvæmt könnun nú	Þéttleiki
Sjálfstæðisflokkurinn	8	5	-3
Samfylkingin	7	6	-1
Píratar	2	4	+2
Víðreisn	2	1	-1
Sósiálistaflokkurinn	1	2	+1
Flokkur fólksins	1	1	0
Vinstri græn	1	1	0
Framsóknarflokkurinn	0	3	+3
Miðflokkurinn	1	0	-1

ad sama skapi hyggjast 11 prósent þeirra sem kusu Pírata síðast kjósa Samfylkinguna nú.

Kjósendur Víðreisnar eru ekki sérlega flokkshollir ef marka má niðurstöður könnunarinnar. Aðeins 41 prósent þeirra sem kusu flokkinn síðast hyggjast kjósa hann nú. Flokkurinn klípur fylgi af ýmsum öðrum flokkum en þeir kjósendur flokksins sem hyggjast nú leita á önnur mið fara í flestum tilvikum til Sjálfstæðisflokksins en einnig til Framsóknarflokksins og Pírata.

Svipaða sögu er að segja af Vinstri grænum en 51 prósent þeirra sem kusu hreyfinguna síðast hyggjast kjósa hana aftur nú.

Könnunin var framkvæmd dagana 13. til 26. apríl. Um netkönnun var að ræða meðal könnunarhóps Prósent. Úrtakið var 1.800 einstaklingar, 18 ára og eldri, og svarhlutfallið var 53 prósent. ■



Flestir vilja Dag áfram á stóli borgarstjóra

Fréttablaðið leitaði einnig svara um hvern borgarbúar vilja helst sjá sem borgarstjóra. Þar hefur sitjandi borgarstjóri nokkra yfirburði en 30 prósent aðspurðra vilja helst hafa hann áfram í því embætti.

Dagur nýtur yfirgnæfandi stuðnings í sínum flokki en 89 prósent kjósenda Samfylkingarinnar velja hann. Kjósendur annarra flokka í meirihlutasamstarfinu nefna hann einnig oft. Þannig velja 28 prósent kjósenda Pírata Dag sem borgarstjóra og 40 prósent kjósenda Vinstri grænna. Fimmtíu prósent kjósenda VG velja oddvita flokksins Líf Magneudóttur.

Hildur Björnsdóttir nýtur 19 prósent fylgis sem borgarstjóri og þrettán prósent þátttakenda sögdust vilja að Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins, verði borgarstjóri. Níu prósent vilja Dóru Björt Guðjónsdóttur, oddvita Pírata, sjö prósent Sönnu Magdalenu Mörtdóttur, Sósiálistum og fimm prósent nefndu Kolbrúnu Baldursdóttur, oddvita Flokks fólksins. Aðrir oddvitar fengu innan við fimm prósent stuðning í könnuninni.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Sjáumst á fjöllum



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | www.fi.is



**LASH CLASH
EXTREME VOLUME
MASCARA**

+200% VOLUME*. A CLASH OF MASSIVE VOLUME
AND OVERNOIR COUTURE BLACK FINISH.

YVES SAINT LAURENT

*Up to.

20% afsláttur

af öllum Yves Saint Laurent vörum
28. apríl - 4. maí

HAGKAUP

Sakaður um að hafa horft á klám á miðjum þingfundi á fremsta bekk

sbt@frettabladid.is

ENGLAND Þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi er undir rannsókn en hann er sakaður um að hafa horft á klám á meðan þingfundur stóð yfir. BBC greinir frá. Flokkssystir þingmannsins, sem ekki hefur verið nafngreind enn þá, vakti athygli á málinu, en hún sat við hliðina á honum þegar atvikið átti sér stað.

Þingflokksformaður Íhaldsflokksins, Chris Heaton-Harris, segir málið vera til skoðunar. „Þessi hegðun er algjörlega óásættanleg og það verður gripið til aðgerða,“ sagði talsmaður Heaton-Harris.

Í spurningu sem beint var að forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, kom fram að 56 kynferðisbrot væri verið að rannsaka innan þingsins, þar á meðal væru brot þriggja ráðherra.

Forsætisráðherrann var spurður hvort kynferðisbrot væru refsud með frávisun frá þinginu. Hann sagði svo vera og að kynferðisleg áreitni væri ólíðandi.



Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands.



Alls er verið að rannsaka 56 kynferðisbrot innan þingsins, þar á meðal brot þriggja ráðherra.

Brendan Clarke-Smith, þingmaður Íhaldsflokksins, sagði málið vera óásættanlegt, sama á hvaða vinnustað einstaklingurinn starfaði. Þingmaður breska Verkamannaflokksins sagði uppsögn vera rétta refsingu við máli sem þessu. ■

Pólverjar ætla að leita réttar síns

benediktboas@frettabladid.is

PÓLLAND Forseti Póllands, Andrzej Duda, segir að videigandi skref verði tekin gegn rússneska gasframleiðandanum Gazprom eftir að fyrirtækið stöðvaði gasútflutning til Póllands og Búlgaríu.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, vill að allar orkugreiddslur verði inntar af hendi í rúblum – sem Pólland og Búlgaría neituðu og fá því löndin ekki lengur gas. Duda sagði að leitað yrði videigandi bóta frá Gazprom



Andrzej Duda, forseti Póllands.

vegna brots á samningi. Yfirvöld í Kremlín sögðu í gær að þeir myndu skrúfa fyrir gasið hjá þeim löndum sem neita að borga í rúblum, gjaldmiðli landsins. ■

Sundlaugarnar í Berlín verða viljandi tveimur gráðum kaldari í allt sumar

einar@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Útisundlaugar í Berlín í Þýskalandi verða tveimur gráðum kaldari í sumar en fyrri ár.

Rekstraraðili sundstaðanna, Berliner Bäder-Betriebe (BBB), segir að markmiðið með þessu sé að sýna efnahagsþvingunum gegn Rússum stuðning og takmarka innkaup á gasi.

Þjóðverjar reida sig að miklu leyti á gas frá Rússlandi og er það notað til að hita þær sextán sundlaugar sem BBB rekur.

Í umfjöllun Guardian kemur fram að sundstaðirnir verði opn- aðir síðar í þessari viku og verða



Sundstaðirnir í Berlín njóta mikilla vinsælda en árið 2018 heimsóttu tvær milljónir gesta laugar BBB.

laugarnar ívið kaldari en oft áður. Í fyrrasumar var hitinn á laugunum á bilinu 22 til 24 gráður að jafnaði en í sumar má gera ráð fyrir að hitinn verði 20 til 22 gráður. ■



Heimsfriði hefur verið stofnað í hættu eftir innrás Rússa og hefur enn hitað í kolunum eftir hótanir Rússa í garð Breta. GETTY/FRÉTTABLAÐIÐ

Spenna magnast milli Rússa og Vesturlanda

Aukinn hiti er í samskiptum Rússa og Vesturlanda eftir að Rússar hótuðu að ráðast á skotmörk innan Bretlands. Utanríkisráðherra segir að yfirlýsingin hafi ekki áhrif á stuðning Íslands við Úkraínu.

ragnarjon@frettabladid.is
bth@frettabladid.is

INNDRÁS Í ÚKRAÍNU Ný staða er komin upp eftir að Rússar hótuðu að ráðast á skotmörk innan Bretlands í kjölfar yfirlýsinga James Heapey, hernaðarráðherra Bretlands.

Heapey hélt því fram í viðtali við BBC að Úkraína væri í „fullum rétti“ að ráðast á skotmörk innan Rússlands í þeim tilgangi að veikja hernaðarlega getu landsins.

Rússar túlka ummælin þannig að bresk stjórnvöld hafi hvatt til frekara stríðs við Rússland. Einnig telja Rússar að með vopnaflutningum sínum séu aðildarríki NATO að stunda leppstríð (proxy war) við Rússland í gegnum Úkraínu.

Heapey hefur svarað Rússum þar sem hann segir að vopnagjafir til Úkraínu skuli ekki flokka sem sameiginlegt átak NATO ríkja.

„Vopnagjafirnar koma ekki frá NATO þrátt fyrir að mörg þeirra landa sem gefið hafa vopn séu aðildarríki,“ segir Heapey.

Samhliða hördum viðbrögðum hafa rússnesk stjórnvöld ákveðið að takmarka gassölu til Póllands og Búlgaríu eftir að stjórnvöld landanna neituðu að greiða fyrir gasið í rúblum.

Ursula von der Leyen, forseti

framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur gefið út að Póllandi og Búlgaríu muni gefast kostur á að kaupa gas frá öðrum nágrennalöndum innan Evrópu.

Evrópsk stjórnvöld hafa fordæmt aðgerðir Rússa sem þau kalla „fjárkúgunaraðferðir“. Þau heita að auka við vopnaflutning og aðstoð við Úkraínu.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra segir að þessar hótanir Rússa breyti engu um stuðning Íslands við Úkraínu.

Í svörum utanríkisráðherra vegna fyrirspurnar Fréttablaðsins segir að Ísland hafi tekið einarða afstöðu gegn innrás Rússlands í Úkraínu eins og öll vina- og bandalagsríki landsins.

„Þessi stuðningur grundvallast meðal annars á sameiginlegum skilningi á mikilvægi þess að koma í veg fyrir að stríðsátökin breiðist út, en þar er mikilvægt að áreita að eini aðilinn sem ráðist hefur inn í annað land í þessum átökum er Rússland,“ segir Þórdís Kolbrún.

Utánríkisráðherra segir að Rússlandi standi engin ógn af aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins eða öðrum vina- og bandalagsríkjum Íslands. Stofnsáttmáli Atlantshafsbandalagsins kveði hins vegar á um að árás á eitt ríki jafngildi árás á þau öll. Þegar komi að öryggi sé Ísland aðili að Atlantshafsbandalaginu. Að auki sé varnarsamningur milli Bandaríkjanna og Íslands.

„Í þeim efnum er staða Íslands ákaflega traust og ég tel mikilvægt að við leggjum okkur fram um að



Ég tel mikilvægt að við leggjum okkur fram um að vera góðir bandamenn



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra

vera góðir bandamenn,“ segir utanríkisráðherra.

Atlantshafsbandalagið virkjaði varnaráætlanir sínar sama dag og innrás Rússlands hófst. Ein þeirra á við um Ísland.

„Áætlanirnar fela í sér aukna árvekni og viðbragðsgetu í ljósi framgöngu Rússlands,“ segir Þórdís Kolbrún.

Hún segir Ísland hafa lagt áherslu á að styðja við Úkraínu með þeim hætti sem mögulegt er. Á þeim forsendum sem óskað hefur verið eftir.

„Framlag Íslands hefur að langstærstum hluta falist í stuðningi við mannúðarstarf, fjárstuðningi við úkraínska ríkið, auk þess sem við höfum tekið á móti flóttamönnum frá Úkraínu,“ segir Þórdís Kolbrún.

Þá hafi Ísland tekið þátt í flutningum til að styðja við varnir Úkraínu, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum. ■

Twitter-kaup Musk bitni á Teslu

bth@frettabladid.is

ERLENT Hlutabréf Tesla hafa fallið í kjölfar þess að fjárfestar hafa áhyggjur af því að Elon Musk gæti þurft að selja hlutabréf í rafbílaframleiðandanum til að greiða fyrir yfirtökuna á Twitter. Þetta herma erlendis fjölmiðlar. Í frétt BBC segir að markaðsvirði Teslu hafi fallið verulega á þriðjudag eftir að ljóst varð að Musk gerði tilboð í Twitter.

Sérfræðingur um fjármál segir á BBC að verðfall Teslu gæti skapað vandræði vegna láns sem Musk tók til að eignast Twitter. Fjármögnunaráskoranir séu óhjákvæmilegar þegar einn og sami maðurinn eigi fimm risafyrirtæki.

Sumir fjárfestar í Teslu eru sagðir velta fyrir sér hvort Twitter-kaup Musk séu slæm fyrir Tesla, enda féllu bréfin um 12,2 prósent.

Samkvæmt BBC er sú spurning



Erlendis fjölmiðlar spyrja hvort Musk hafi færst of mikið í fang með Twitter-kaupum sínum.

áleitin hvort Twitter-kaupin séu stærri biti fyrir Elon Musk en hann eigi auðvelt með að tryggja. ■



/Augljós



Fríar forskoðanir fyrir laseraðgerðir út apríl

Tímappantanir 414 7000

HLUTI AF LAUSNINNI

Streymum á ársfund OR 28. apríl.

Ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn í beinu streymi í dag, fimmtudag, kl. 14.

Ávörp flytja:

- Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.
- Brynhildur Davíðsdóttir, stjórnarformaður OR.

Pátttakendur í hringborðsumræðum:

- Bjarni Bjarnason, forstjóri OR.
- Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix.
- Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri.
- Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs.

Elín Hirst verður fundarstjóri.

Farðu á heimasíðu OR eða skannaðu kóðann.



Halldór Þorgeirsson
Formaður Loftslagsráðs



Halla Hrund Logadóttir
Orkumálastjóri



Edda Sif Pind Aradóttir
Framkvæmdastýra Carbfix



Bjarni Bjarnason
Forstjóri OR



Brynhildur Davíðsdóttir
Stjórnarformaður OR



Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri Reykjavíkur

Kerfisbundinn hallarekstur sveitarfélaga

Íslensk sveitarfélög virðast vera að rétta úr kútnum eftir Covid, en við blasir að öll íslensk sveitarfélög standa frammi fyrir kerfisbundnum rekstrarvanda sem stafar af því að tekjur halda ekki í vaxandi útgjöld.

olafur@frettabladid.is

Sveitarstjórnarkosningar eru eftir rúmar tvær vikur. Frambjóðendur keppast við að fá kjósendur til fylgis við sig og viðast hvar fer tvennum sögum af stöðunni í borg, bæjum, kaupúnum og dreifðum byggðum landsins bláa.

Frambjóðendur í minnihluta mála svarta mynd af stöðu sveitarfélaga. Kvartað er undan samgöngu-stefnu meirihlutans, takmörkuðu framboði lóða, skipulagsmálum almennt og, síðast en ekki síst, fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Undanfarið hafa niðurstöður rekstrar sveitarfélaga fyrir 2021 verið kynntar. Viða eru ársreikningar til umfjöllunar í bæjarstjórnunum.

Athygli vekur að afkoma flestra, ef ekki allra sveitarfélaga, er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mest um tekjuhlíðina. Ástæðan er sú að til allrar hamingju virðist Ísland vera að sigla út úr neikvæðum áhrifum Covid faraldursins fyrr og hraðar en reiknað hafði verið með. Aðgerðir ríkisins til að draga úr áhrifum Covid hafa líka gagnast sveitarfélögunum.

Djúpstæður kerfisvandi

Ekki verður hins vegar hjá því litið að afkoma sveitarfélaganna er afleit. Eitthvað af því má skrifa á Covid en engu að síður er ljóst að íslensk sveitarfélög glíma við djúpstæðan almennan rekstrarvanda sem felst í því að tekjur þeirra duga ekki fyrir útgjöldum.

Einn stærsti kostnaðarliður sveitarfélaganna er launakostnaður. Á liðnum árum hafa ýmis verkefni verið færð frá ríki til sveitarfélaga. Stærsta og kostnaðarsamasta verkefnið er ótvírætt rekstur grunnskóla, sem áður var hjá ríkinu. Einnig hafa verkefni á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu verið flutt frá ríki til sveitarfélaga, svo eitthvað sé nefnt.

Flestir eru á einu máli um að margs konar þjónustustarfsemi á best heima hjá sveitarfélögum, þar sem nánd kerfisins við notendur er meiri en hjá ríkinu. Flókið getur hins vegar verið að meta kostnað við þá þjónustu.

Tekjustofnar voru fluttir með verkefnum til sveitarfélaganna. Verkefni hafa hins vegar þanist út, ekki síst vegna aukinna krafna frá ríkinu. Grunnskólinn í dag sinnir miklu meiri skyldum við samfélagið en grunnskólinn fyrir 30 árum. Málefni fatlaðs fólks eru nú mun umfangsmeiri en var þegar þau var flutt frá ríki til sveitarfélaga árið 2011.

Tekjustofnarnir hafa ekki verið uppfærðir eins og þjónustan sem þeir eiga að standa undir. Þetta er helsta ástæða þess að nú er kerfisbundinn halli á grunnrekstri sveitarfélaga hér á landi.

Sigurður Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir ljóst að nauðsynlegt sé að leiðrétta tekjustofna sveitarfélaga með hliðsjón af þeim umfangsmiklu verkefnum sem þeim hafi verið falin og því hvernig umfang þeirra hafi aukist eftir að þau færðust til sveitarfélaganna.

Þessu til viðbótar hefur það gerst á liðnu kjörtímabili að laun starfsmanna sveitarfélaga hafa hækkað meira en annarra hópa launþega skv. Hagstofu Íslands. Að því leyti hafa sveitarfélögin verið leiðandi í launþróun á Íslandi.




Athygli vekur að afkoma flestra, ef ekki allra sveitarfélaga, er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mest um tekjuhlíðina.


FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Reykjanesbær og Hafnarfjörður hæstir í skuldum

■ Skuldir á íbúa ■ Tekjur á íbúa



Skuldahlutfallið lægst í Reykjavík



Sigurður Snævarr bendir á að þrátt fyrir að laun starfsmanna sveitarfélaga hafi hækkað meira en annarra opinberra starfsmanna að undanförunni fari því fjarri að laun starfsmanna sveitarfélaga jafnist á við laun starfsmanna ríkisins eða á almennum vinnumarkaði. Fyrir vikið hafa lífskjarasamningarnir með krónutöluhækkun launa reynst sveitarfélögum dýr. Sigurður bendir á að heildarlaunakostnaður hafi hækkað úr því að vera um 55 prósent af tekjum A-hluta í um 63 prósent samkvæmt útkomuspám 2021.

Þetta er vissulega vandamál, en þetta er ekki höfuðorsök viðvarandi rekstrarvanda sveitarfélaga, sem stafar af því að tekjustofnar hafa ekki fylgt sífellt vaxandi þjónustuþörf.

Aukin verkefni

Mikið hefur verið hamrað á bágru og versnandi fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar allt þetta kjörtímabili og raunar lengur. Sjálfstæðismenn, sem á árum áður voru einráðir í höfuðborginni, hafa nánast ekki komist að stjórn hennar frá 1994.

Hafa þeir haldið fram dómsdagsspám um að borgin stefni í þrot vegna mikils hallarekstrars númerandi meirihluta Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna. Rétt er að halli er á rekstri A-hluta borgarsjóðs. Samkvæmt ársreikningi 2021 nam hallinn 3,8

milljörðum, sem var samt 8,1 milljarði betri útkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Reykjavík, eins og önnur sveitarfélög, er í þeirri stöðu að verkefni sem flutt hafa verið frá ríkinu til sveitarfélaganna hafa aukist mjög að umfangi eftir flutninginn. Í sumum tilfellum hafa þau margfaldast. Má þar nefna sem dæmi þjónustu við fatlaða. Frá því að sá málaflokkur fluttist til sveitarfélaganna frá ríkinu hefur Alþingi samþykkt lög sem setja mjög auknar

kvæðir á veitendur þjónustunnar – sveitarfélögin. Væntanleg er itarleg skýrsla starfshóps undir forystu Haraldar Línalds Haraldssonar þar sem itarlega er farið í tekjur og kostnað sveitarfélaga af málefnum fatlaðs fólks.

NPA (Notendastýrð persónleg aðstoð) er þjónusta sem umbyltir stöðu fatlaðra og einnig mælir gegn. Alþingi samþykkti lög sem skylda sveitarfélög til að veita þessa þjónustu án þess að þjónustan væri fjármögnuð til langframa.

Reykjavík í sérflokki

Eini samanburðurinn sem hægt er að gera á milli rekstrar sveitarfélaga er að bera saman rekstur A-hluta þeirra. A-hlutinn er grunnrekstur sveitarfélaganna, sem fjármagnaður er með skatttekjum að mestu leyti.

B-hluti rekstrar sveitarfélaganna er sá hluti sem samanstendur af stofnunum og fyrirtækjum þeirra, sem aflu tekna með því að selja þjónustu sína. Almennt er B-hluti rekstrarins hverfandi að stærð í samanburði við A-hlutann. Fæst sveitarfélög eiga miklar eignir utan þeirra sem nýttar eru í grunnrekstur.

Reykjavík hefur mikla sérstöðu varðandi B-hluta rekstrarins. Reykjavíkurborg er eigandi Orkuveitu Reykjavíkur að langmestu leyti, en það er annað stærsta orkufyrirtæki landsins og skilar eiganda sínum ríkulegum arði á ári hverju. Orkuveitan er að líkindum meira en 500 milljarða virði, varlega áætlað.

Önnur eign Reykjavíkurborgar er Félagsbústaðir. Félagsbústaðir er vissulega kostnaðarliður í rekstri borgarinnar vegna þess að, eins og nafnið felur í sér, er um félagslegt búsetuúrræði að ræða – niðurgreitt húsnæði fyrir skjólstæðinga höfuðborgarinnar.

Félagsbústaðir eru kostnaðarliður vegna þess að borgin leigir út húsnæði langt undir markaðsverði til einstaklinga og fjölskyldna sem þurfa á því að halda.

Hagnaðardrifið fasteignafélag myndi reikna verðmæti eignasafns síns út frá leigutekjum. Sveitarfélag getur ekki gert það enda er félagslegar íbúðir þess ekki hagnaðardrifið rekstur – þær eru hluti af félagslegum úrræðum.

Íbúðir, sem sveitarfélag á og nýtir í félagsleg úrræði, eru hins vegar eign. Eðlilegt er að meta slíka eign á markaðsvirði. Ekki má gleyma því að sveitarfélög geta ákveðið að eiga ekki þær íbúðir, sem notaðar eru í félagslegum tilgangi. Reykjavíkurborg gæti selt allar íbúðir í eigu Félagsbústaða og niðurgreitt með beinum hætti leigu skjólstæðinga sinna. Miðað við fasteignamarkaðinn í dag myndi borgin hagnast vel á því.


Borgin stendur mun betur en nágrannar þeirra

Athyglisvert er að ef rekstur A-hluta sveitarfélaga er skoðaður kemur í ljós að Reykjavíkurborg stendur betur en öll önnur stærstu sveitarfélög landsins. Skuldahlutfall Reykjavíkurborgar er 96 prósent.

Ekkert annað sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu er með skuldahlutfall undir 100 prósentum. Hafnarfjörður er með 160 prósent skuldahlutfall og Reykjanesbær er með 180 prósent hlutfall. Meira að segja Garðabær, sem hefur verið talinn með best reknu sveitarfélögum landsins, er með 101 prósent skuldahlutfall.

Seltjarnarnes er svo bæjarfélag sem virðist vera í frjálsu falli. Skuldahlutfallið er komið upp í 126 prósent og sveitarfélagið, sem á árum áður var talið mjög vel rekið, hefur á síðustu sex árum sannað rekstrarhalla upp á 1,5 milljarða. Ein ástæða þess er sú að útsvari hefur verið haldið í lágmarki þrátt fyrir viðvarandi hallarekstur.

Ljóst er að íslensk sveitarfélög standa frammi fyrir viðvarandi kerfisbundnum hallarekstri, ef ekki verður gengið í að leiðrétta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Staða þeirra er þó misgöð. Af stærstu sveitarfélögum stendur Reykjavík best, er með hagstæðasta skuldahlutfall og eina sveitarfélagið sem á verðmætar og tekjuskapandi eignir. ■



Keppnin Kokkur ársins er nú haldin í IKEA í fyrsta sinn!

Í dag, 28. apríl og á laugardaginn, 30. apríl.

Það gleður okkur að tilkynna að keppnin **Kokkur ársins** verður nú haldin í verslun IKEA í fyrsta sinn.

Forkeppnin fer fram í dag þar sem átta kokkar keppa í undanúrslitum.

Á laugardaginn keppa síðan fimm stigahæstu kokkarnir um titilinn **Kokkur ársins 2022**.

Gestum býðst að taka þátt í happdrætti þar sem þeir eiga möguleika á að vinna einhvern af 50 frábærum vinningum.

Keppnin hefst kl. 11 báða dagana og stendur til kl. 17. Verðlaunaafhending fer síðan fram í anddyri IKEA kl. 19 á laugardaginn þar sem **Kokkur ársins 2022** verður tilkynntur.

Komdu og fylgstu með færustu kokkum landsins galdra fram ljúffenga rétti!



Mjög krefjandi rekstrarumhverfi

magdalena@frettabladid.is

Þórður Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skeljungs, segir að rekstrarumhverfi olíufyrirtækja hafi aldrei verið erfiðara. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðurinn sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.



Þórður Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skeljungs

„Rekstrarumhverfið er eitt það mest krefjandi sem verið hefur, að elstu menn muna. Ef þeir muna eitt-hvað erfiðara þá er það saga til næsta bæjar,“ segir Þórður og bætir við að eins og gefur að skilja hafi Covid reynst olíufyrirtækjunum erfið.

„Fyrir tveimur árum skall Covid á og eftirspurn eftir eldsneyti hrapaði á innan við mánuði um tugi prósentu þegar allt stoppaði. Síðan þegar má búast við að hjólin fari að snúast eftir Covid þá skellur á þetta stríð í Úkraínu sem hefur haft mikil áhrif á okkur.“ ■

Hefur ýft upp sár

gunnar@frettabladid

Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir umræðuna um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka ekki vera góða fyrir bankakerfið. Unnið hafi verið að því að byggja aftur upp traust í greininni eftir bankahrunið en umræða liðinna vikna geti hæglega haft bakslag í för með sér.

„Það er augljóst að það hefur rífnast upp af gömlum sárum. Ekki bara frá hruninu heldur líka vegna reynslu af fyrri einkavæðingum,“ segir Katrín. ■

Seðlabankinn taki stærri skref

Næsta miðvikudag mun peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynna um vaxtaákvörðun bankans. Viðmælendur Markaðarins telja að vænta megi að Seðlabankinn taki stór skref í hækkun stýrivaxta.

magdalena@frettabladid.is

Greining Íslandsbanka spáir því að peningastefnunefnd Seðlabankans muni tilkynna 0,5 prósentustiga stýrivaxtahækkun á miðvikudaginn í næstu viku. Íslandsbanki útlókar þó ekki 0,75 prósentustiga hækkun. Jón Bjarki Bentsson, aðal-
hagfræðingur Íslandsbanka, segir að það verði líklegra að stýrivaxtahækkunin verði meiri en spár gera ráð fyrir heldur en minni.

„Það er ólíklegt að vaxtaþróun verði hagfelldari og óvissan er fremur í þá áttina að vextir þurfi að hækka meira og hraðar,“ segir Jón Bjarki og bætir við að þróun á atökunum í Úkraínu sé óvissuþáttur.

„Það hvort stríðið dragist á langinn eða hvort það verði komin niðurstaða og endahnútur þegar lengra liður á árið hefur mikið að segja. Meðan átökin standa yfir þá annars vegar helst verð á hrávörum og aðföngum hærra en ella og hins vegar getur það dregið úr heimsbúskapnum í meiri mæli og haft meiri áhrif á hagþróunina hér á landi.“

Erna Björg Sverrisdóttir, aðal-
hagfræðingur Arion banka, segir að reikna megi með að Seðlabankinn taki stór skref í vaxtahækkunum nú í maí.

„Við reiknum með því vegna þess að verðbólguhorfur hafa versnað og verðbólga er orðin miklu meiri en gert var ráð fyrir,“ segir Erna og bætir við að taka þurfi inn í reikninginn hversu langt hefur verið frá síðustu vaxtaákvörðun, sem var í febrúar.

„Verðbólguvæntingar hafa líka hækkað, en háar verðbólguvæntingar hafa í gegnum tíðina verið viðvarandi vandamál á Íslandi. Það leit út fyrir að við værum búin að ná verðbólguvæntingum í verðbólgu-



Næsta vaxtaákvörðun Seðlabankans verður tilkynnt 4. maí næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Erna Björg Sverrisdóttir, aðal-
hagfræðingur Arion
banka

markmið en nú hafa þær verið að losna á nýjan leik og það er eitthvað sem Seðlabankinn hefur áhyggjur af. Þetta eru helst þeir þættir sem gera það að verkum að maður býst við að Seðlabankinn taki stór skref.“

Jón Bjarki segir að það séu þar að auki fleiri óvissuþættir eins og hvernig íbúðamarkaðurinn muni koma til með að þróast og niðurstaða kjarasamninga.

„Óvissuþættirnir snúa ekki síst að því hvað íbúðamarkaður verði fljótur að ná hægari og jafnari hækkunartakti. Það er að segja



Jón Bjarki Bentsson,
aðal-
hagfræðingur
Íslandsbanka

hvenær aðgerðir Seðlabankans og aukid framboð íbúða fari að slá á þennan hækkunartakt sem hefur einkennt markaðinn undanfarin misseri. Einnig verður niðurstaða kjarasamninga undir árslok mikilvæg og ræður miklu um þróun verðbólgunnar á næsta og þar-næsta ári.“

Erna segist gera ráð fyrir að verðbólgan verði um og yfir 7 prósentum á næstu mánuðum. Helstu óvissuþættirnir séu framþróun stríðsins í Úkraínu, áhrif þess á hrávörur og erlenda verðbólgu, og

hversu hratt muni hægja á hækkunum á húsnæðismarkaði.

„Miðað við nýjustu tölur má reikna með að það muni hægja síðar á hækkunum á húsnæðismarkaði en áður var talið. Þannig að það verði meiri spennan á markaðnum lengra inn í árið en í fyrstu var búist við.“

Jón Bjarki bætir við að verðbólguhorfur hafi þróast til verri vegar svo ljóst er að Seðlabankinn þurfi að bregðast við með afgerandi hætti.

„Við gerum ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 7 prósent á þessu ári og hún fari hæst í 7,7 prósent í júlí en taki svo að hjaðna hægt og bitandi. Við spáum að hún verði rúm 4 prósent á næsta ári og í kringum 3 prósent á árinu 2024. Þarna leggst á eitt sterkari króna, hagstæðari verðþróun á hrávöru og aðfangamörkuðum erlendis, meira jafnvægi á húsnæðismarkaði og auðvitað meiri áhrif vaxtahækkanna sjálfra á innlenda eftirspurn.“ ■

Kynningarfundur um miðborgarleikskóla og miðstöð barna

Fimmtudaginn 28. apríl kl. 17 á 7. hæð í Borgartúni 14.

Staðbundinn kynningarfundur um miðborgarleikskóla og fjölskyldumiðstöð verður haldinn í dag. Um er að ræða leikskóla við Njálsgötu fyrir börn á aldrinum eins til sex ára en núverandi starfsemi skólans er við Njálsgötu, Lindargötu og Barónsstíg. Miðstöð barna verður einnig í byggingunni.

Svæðið verður endurnýjað og nýtt leiksvæði verður opið almenningi þegar leikskólastarfið er ekki í gangi. Hægt er að kynna sér verkefnið á slóðinni reykjavik.is/midborgarleikskoli-og-fjolskyldumidstod.

Á fundinum verður starfsemin kynnt, byggingin og lóð ásamt lýsingu, vottun, væntanlegum framkvæmdum og jarðvegsvinnu.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Mynd: Basalt arkitektar

Leigjendur í eigendur



Már Wolfgang
Mixa
Professor

Samkvæmt nýlegri könnun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar kjósa einungis 10% leigjenda að vera á leigumarkaði. Tölfræðin sýnir jafnframt að hlutfall heimila á leigumarkaði jókst úr 17% árið 2007 í 28% árið 2012. Margar fjölskyldur misstu ekki aðeins sitt eigið húsnæði heldur hvarf uppsafnaður sparnaður undangenginna ára fyrir útborgun.

Leigumarkaðurinn einkennist af því að margir leigjendur eiga erfitt með að ná endum saman vegna hásl leiguverðs og mikils óöryggis. Margir þeirra hafa litla möguleika á að safna fyrir útborgun á íbúð og verða því að óbreyttu í leiguhúsnæði alla sína ævi.

Það er mikilvægt að skapa margvíslega möguleika fyrir þá sem kjósa að vera ekki á leigumarkaði. Oft er fjallað um að ríki og lífeyrissjóðir verði þátttakendur í að byggja virkan leigumarkað fyrir þá sem kjósa að vera á leigumarkaði. Þetta er mikilvægt en á leigumarkaði eignast fólk þó engan eignarhluta í húsnæðinu sem það leigir.

Fyrir þá sem kjósa að fara í séreign en eiga erfitt með að safna fyrir útborgun er mikilvægt að skoða af alvöru hvaða leiðir eru mögulegar og hvaða hópi leigjenda þær nýtast. Ein leið sem nú er í skoðun er að veita leigjendum sömu tækifæri og fyrstu kaupendum varðandi útborgun á eigið húsnæði.

Önnur leið, sem ég vil útfæra stuttlega hér, gæti verið að gera fólki kleift að spara í sínu eigin húsnæði án útborgun. Með henni stæði fólki til boða að fjárfesta smám saman í eign sinni. Í upphafi leigusamnings þyrfti að meta verðmæti eignarinnar. Verðmætið á eigninni breytist síðan í takt við húsnæðisvísitöluna. Einstaklingar geta í framhaldinu „keypt“ hluta af húsnæðinu smám saman miðað við uppfærslu vísitölunnar án þess að þurfa að safna ákveðinni prósentu fyrir útborgun. Sá hluti sem keyptur er þarf ekki lengur að greiða leigu af en eðlilegur viðhaldskostnaður og gjöld væru þó enn fyrir hendi af þeim „eignarhluta“. Þegar leigjandi ákveður að flytja hefur hann rétt á að fá endurgreiðslu á þeim hluta eignarinnar sem hann hefur borgað og fengi þá greitt í samræmi við húsnæðisvísitöluna, sem þá væri hægt að nýta í útborgun á öðru húsnæði.

Með þessu geta leigjendur myndað eignarhluta í húsnæði sínu, minnkað óöryggi og stuðlað að lægri leigukostnaði. ■



Meira dejlígt á dönskum dögum

HAGKAUP

Nyhed

på danske dage



Gómsætir kanilsnúðar
frá Hatting

389 kr/þk



Ekta danskt
smørrebrød

1.199 kr/stk

Nyhed

på danske dage



Fiskemandens síld

verð frá **329** kr/stk

Nyhed

på danske dage



Innbakaður lax
frá Rema

479 kr/þk



Ljúffengar kökur
frá Dan Cake

589 kr/stk



Toms nammi
í úrvali

verð frá **299** kr/þk

Fjölflokkurinn



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Líklega er að verða varanleg breyting á flokkakerfinu á Alþingi landsmanna. Nýjasta skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi stjórnmaflokka í landinu, sem birt var í gærðag, er ótvíráður vitnisburður um að pólitíkin leikur ekki aðeins á reidiskjálfi nú um stundir, heldur sýnir hún einnig að þróunin er öll á sama veg; stórir flokkar heyra sögunni til, ógnartakið sem þeir höfðu á íslensku samfélagi í svo að segja heilan mannsaldur er að breytast í lausatök.

Það má heita með öðrum orðum að pólitískir yfirburðir eru að baki í íslenskum stjórnmálum, en enginn flokkur er lengur svo ráðandi að hann geti gert tilkall til viðvarandi valda í samfélaginu.

Þar af leiðandi er valdþjappandi ógnarstjórn líklega að baki. Það gengur enginn lengur að kjótkötlunum vísu. Völdin eru ekki bundin við stóra lykilmann sem gengur að öllum reykyfylltu bakherbergjunum, heldur hefur þeim verið komið fyrir á kippu margra smærri króka sem ljúka upp læstum kimum samfélagsins.

Þetta er söguleg breyting á pólitísku landslagi á Íslandi. Fjallstindarnir eru að baki, þeir hinir fáu sem mynduðu fjörflokkinn á sínum tíma, en fjallskollarnir hafa tekið við innan um hólana og þúfurnar.


Í reynd hefur fjölflokkurinn tekið við af fjörflokknum – og allt að tíu stjórnmálflokkar geta nú gert sér vonir um að koma fulltrúum sínum á þing, en í ljósi þróunarinnar á þeim örugglega eftir að fjölga, ef eitthvað er, enda eru hvoru tveggja flokksblindni og flokkshollusta á hröðu undanhaldi með frjálsari fjölmiðlum, ríkari upplýsingu og æ minna þoli gagnvart pólitísku rausi.

Fyrir gamla flokka eru þetta ekkert annað en umskipti. Og sú Snorrabúð sem stjórnmálaafli á borð við Sjálfstæðisflokkinn þekkti lengst af, er nú stekkurinn einn og yfirgróinn. Hann hefur aldrei mælst minni í viðurkenndri skoðanakönnun en einmitt í ofanefndri mælingu, er kominn undir átján prósentu fylgi, sem hefði þótt ólíklegt í upphafi þessarar aldar – og ómögulegt á þeirri síðustu.

Þessi viðbrigði munu hafa varanleg áhrif á íslensk stjórnmál. Þau munu auka samtalið í íslenskri pólitík og minnka hrokann og yfirlætið í umræðunni. En þau munu vonandi einnig hafa þau áhrif að spilling valdsins verður ómögulegri. Og einna áþreifanlegust verður hún líklega í nýtilkomnu valdaleyfi allra þeirra hagsmunaafla sem hafa vart eða ekki þurft að lyfta simtölinu til að ná sínu fram innan stjórnkerfisins.

Og það er pólitísk sóttreinsun. ■

■ Halldór



”
Þetta er söguleg breyting á pólitísku landslagi á Íslandi. Fjallstindarnir eru að baki, þeir hinir fáu sem mynduðu fjörflokkinn á sínum tíma, en fjallskollarnir hafa tekið við innan um hólana og þúfurnar.

■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Ísinn í anddyrinu

Sú óvenjulega uppákoma blasti við gestum og gangandi í forskála Alþingis í gærðag að þar stóð heljarinnar ísvagn með öllu tilheyrandi kramhúsakruðerri frá ísbúðinni Valdís. Heldur óalgennt er að fyrirtæki úti í bæ geti sisona stormað inn í anddyri löggjafarsamkundunnar og boðið upp á vöru sína, enda hátimbruð samkoman a tarna ekkert endilega að hleypa hverjum sem er inn fyrir þröskuldinn. En uppátækið mun hafa verið í boði starfsmannafélags Alþingis, svona í aðdraganda þinghlés áður en sveitarstjórnarpólitíkin tekur yfir sviðið.

Pólitísk kæling

Athyglisvert þótti mörgum gestkomandi á þingi gærðagsins að einmitt í umræðu anddyri stóð Guðrún Hafsteinsdóttir, fyrrverandi markaðsstjóri Kjöriss og núverandi oddviti ihaldsmanna á Suðurlandi, og góflaði í sig ísinn frá andstæðingnum eins og hún hefði aldrei bragðað áður á almennilegum rjómáms. Og enn markverðara þótti mörgum sem urðu vitni að þessari ísveislu að þeir sem helst þurfa á því að halda að kæla sig niður þessi dægri strunusuðu fram hjá, en hefðu betur kælt sig áður en þeir hraunuðu yfir fréttamenn vegna nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins um kolfallna stjórn og stutta flokka. ■

Nóg komið



Alexandra Briem
í öðru sæti á framboðslista Pírata í Reykjavík

Ég veit ekki hvað mér þykir verst í þessu. Er það sjálf salan á Íslandsbanka, þar sem hópur vel tengdra fær að kaupa á tilbodsverði og selja áfram? Eða eru það fátíðlegar tilraunir til að reyna að skella allri skuldinni á Bankasýsluna, sem vissulega ber hluta ábyrgðar, til þess að frjá ráðherra? Eða er það kannski algjör afneitun á reiði þjóðarinnar og andstaða við heildstæða úttekt þingnefndar?

Nei, sennilega er það bara hversu ótrúlega fyrirsjáanlegt þetta var allt saman.

Það getur ekki komið nokkrum sem fylgjast með íslenskri pólitík á óvart að sjá þessa atburðarás. Þetta er sama kjaftæðið og þegar kvótinn var gefinn útgerðunum og framsal leyft, sama spillingin og þegar bankarnir voru einkavæddir fyrir hrun, sama ósvifnin og þegar Borgun var seld. Svona starfar Sjálfstæðisflokkurinn, og það vitum við orðið mjög vel. Það eina sem hefur breyst er hvað þetta er orðið óforskammað.

Þau reyna varla að fela þetta lengur, fullviss um að við látum hvað sem er yfir okkur ganga. Ég hef aldrei séð augljósari pilsfaldakapitalisma á ævinni en þessa bankasölu. Þau vita að lífeyrissjóðirnir eru til í að kaupa, en setja hámark á þá. Svo er vildarvinum boðið að kaupa rest, selja lífeyrissjóðunum og hirða mismuninn. Engin skilyrði um lágmarksupphæð, engin skilyrði um lágmarkstíma áður en er selt. Sömu aðilum er boðið að vera með og keyptu í fyrra útboðinu og seldu strax, sömu aðilum boðið að vera með og arðræna Namibíu ... sömu aðilum boðið að vera með og áttu bankana fyrir hrun.

Þetta er fátíðlegt, og það er komið nóg.

Píratar standa fyrir upphitun fyrir mótmælin á laugardaginn á Skúla Craft bar klukkan 12, og þaðan verður gengið fylktu liði á Austurvöll til að mótmæla þegar þau hefjast klukkan 14. Mótmælin eru ekki flokkspólitísk og ég hvet öll til að mæta sem eru búin að fá nóg af spillingunni. ■

”
Þau reyna varla að fela þetta lengur, fullviss um að við látum hvað sem er yfir okkur ganga.

UNDIR YFIRBORÐIÐ
MÁNUDAGA KL. 19.30
OG AFTUR KL. 21.30
HRINGBRAUT



Enginn yrkir fallett ljóð

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Í ljóði Tómasar svipar hjörtum mannanna saman í Súdan og Grímsnesinu. Nú slá pólitísku hjörtun í takt í Stjórnarráðshúsinu og Downingstræti 10. En enginn yrkir falletta um það.

Breski forsætisráðherrann vildi láta innanbúðarúttekt nægja vegna Partygate, en stjórnarandstaðan krafðist rannsóknar á vegum þingsins, auk lögreglurannsóknar. Á endanum létu þingmenn íhaldsflokksins undan þungu almenningsáliti.

Forsætisráðherra Íslands vill láta stjórnsýsluúttekt á bankasölu-hneykslinu duga. Stjórnarandstaðan leggur til rannsókn á vegum þingsins. Munurinn er sá að hér slá hjörtu allra stjórnarþingmanna í takt við Boris.

Pólitíska leikjafræðin er þekkt: Að þæfa síðferðilega erfið mál nógu lengi í von um að vitund almennings gufi upp.

Pólitísk gildi

Stríð ríkisstjórnarinnar við almenningsálitið snýst mest um pólitískar ákvarðanir hennar sjálfrar.

1. Ríkisstjórnin ákvað að selja lokuðum hópi fagfjárfesta. Hún vissi nákvæmlega hverjir tilheyrðu þeim hópi. Ríkisstjórnin hafnaði hugmynd ráðherra samkeppnis- og neytendamála um opna almenna sölu.
2. Ríkisstjórnin ákvað að selja þessum afmarkaða hópi eign ríkisins með afslætti, án þess að gild viðskiptaleg og enn síður nokkur síðferðileg rök stæðu til þess.

Það þarf ekki rannsókn til að leiða þetta í ljós. Reidi almennings beinist að þeim síðferðilega gildum, sem búa að baki þessum pólitísku ákvörðunum.

Það er ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar að taka afstöðu til pólitískra og síðferðilegra álitaefna af þessu tagi. Þessi hluti málsins snýst einfaldlega ekki um lög eða verkferla. Hann snýst um þá ábyrgð á pólitískum gildum ríkisstjórnarinnar, sem þingmenn stjórnarflokkanna bera einir.

Lögin

Helstu lagalegu álitaefnin eru fimm:

1. Gat fjármálaráðherra framselt það vald og þá ábyrgð, sem lög um bankasölu og fjárlög mæla skýrt fyrir um að liggja hjá honum?

2. Hver átti að samþykka eða synja tilboðum frá nákomnum ættingjum fjármálaráðherra? Svarið gæti oltíð á því hvort framsal á valdi og ábyrgð ráðherra var gilt.
3. Átti ekki sá ráðherra, sem fer með málefni fjármálaeftirlitsins, að víkja sæti þegar það hóf rannsókn á máli, sem hann ber stjórnskipulega ábyrgð á?
4. Ríkisstjórnin virti að vettugi skýr fyrirmæli laga um að kappkosta að auka virka samkeppni við sölu á eignarhlutum. Hver ber ábyrgð á þessari vanrækslu?
5. Grunsemdir eru um innherjavíðskipti. En þar ná rannsóknarheimildir fjármálaeftirlitsins hvorki til Bankasýslunnar né ráðuneytisins.

Þessi lögfræðilegu álitaefni eru ekki flókin og málsatvik liggja ljós fyrir. Hvert og eitt þeirra, nema kannski það fimmta, geta gert stjórnskipulega og um leið pólitíska ábyrgð virka. En draga verður í efa að rétt sé að úrskurða um lagalega ábyrgð með stjórnsýsluúttekt.

Alþingi

Tvær nefndir þingsins fengu skriflegar upplýsingar um væntanlegt sölufæri. Með nákvæmum lestri máttu stjórnarþingmenn og aðrir hugsanlega gera sér grein fyrir að ríkisstjórnin hafði ákveðið að selja eign ríkisins með afslætti til lokaðs hóps fjárfesta, hverjir tilheyrðu honum og að sumir myndu innleysa hagnaðinn strax.

Síðferðilegi vandinn er sá að ráðherrarnir sögðu þingmönnum og þjóðinni að þeir væru einungis að selja fáum öflugum og ábyrgum fagfjárfestum, sem treysta mætti til að hafa langtíma áhuga á rekstri bankans. Fyrir vikið segjast stjórnarþingmenn koma af fjöllum. Hér eru áhöld um hvort ríkisstjórnin var með orðræðu af þessu tagi að villa um fyrir Alþingi. Gagnvart almenningi lítur málið þannig út. Þetta er alvarleg spurning um síðareglur ráðherra og alþingismanna og ætti að afgreiða samkvæmt því. Ríkisendurskoðun á tæpast úrlausn um það.

Kjösendur

Eftir eðlilegum lýðræðislegum leikreglum ákveður forsætisráðherra hvort þeir þurfa að axla pólitíska ábyrgð, sem hana bera. En hún getur ekki bæði vikið sér undan því hlutverki og hafnað rannsóknarnefnd þingsins.

Þau síðferðilegu gildi, sem forsætisráðherra talar fyrir, njóta enn stuðnings þingmanna stjórnarflokkanna, þar á meðal viðskiptaráðherra, sem í byrjun talaði um nauðsyn á pólitískri ábyrgð.

Kannski er einfaldasta útgöngu-leiðin fyrir stjórnarflokkana að setja málið bara í dóm kjósenda í næsta mánuði. Þar gætu þeir spurt kjósendur: Eiga þessi sameiginlegu pólitísku gildi okkar ekki erindi inn í þína borgarstjórn, bæjarstjórn eða sveitarstjórn? ■

Af hverju X við K?



Ásgeir Ólafsson Lie skipar 2. sætið á lista Kattaframboðsins á Akureyri, K-listans

Grettir: Jón, ég er svangur. Jón: Grettir, þú varst að borða. Grettir: Jón, mér leiðist! Jón: Grettir, finndu þér eitthvað að gera.

Grettir: Ég ætla út að dunda mér. Jón: Ok, en mundu að koma inn fyrir klukkan 24.

Grettir: Ok. Hverjir muna ekki eftir stríp-unum um Jón og Gretti?

Frábært tvíeyki þar á ferð. Það hlýtur að segjast að allir sem sitja nú í bæjarstjórn hafa lesið strípurnar um Jón og Gretti eða séð teiknimyndina. Mögulega haft hana með sér sem rök þegar ákvörðunin var tekin. Vegna þess að nýju reglurnar sem bornar hafa verið til ykkar, já bornar til ykkar kjósenda. Þið þurfið ekki að samþykka þær.

Ákvörðunin að banna lausagöngu katta frá miðnætti til klukkan 7 undir morgun hlýtur að vera tekin af fólki sem heldur í alvöru að kettir geti tjáð sig eins og Grettir gerir. En staðreyndin er ekki sú.

Sagan um Gretti og Jón er teiknimyndasaga.

Mér finnst skrítið að þurfa að taka það fram.

Þegar ég tala um fullorðið fólk. Oddviti Miðflokksins sagði í oddvitaspjalli á RÚV fyrir nokkrum dögum að þetta kattamál verði úr sögunni á næsta eða þarnaesta fundi, og að það þurfi ekkert að tala um það frekar. Sá fundur hefur nú verið haldinn og þetta mál er alls ekkert úr sögunni. Og það þarf að tala um það frekar vegna þess að málið hefur undið upp á sig allverulega.

Einnig ætla þau að flýta þessu um tvö ár. Nú 1. janúar 2023 en ekki 1. janúar 2025 eins og samþykkt var fyrst.

Þannig að þið kattaeyndur hafið nú nokkra mánuði til að kenna köttum ykkar nýjar útivistarreglur og á klukkur og kenna þeim að svara nafni sínu þegar kallað er á þá.

Nú viljum við ítreka fyrir kjósendum sem þetta lesa að við ætlum að fella þetta.

En til þess að geta það þurfum við ykkar atkvæði.



Fjölskyldubærinn Akureyri rær á ný mið með nafn sitt. Mun heita Akureyri – þar sem kettir eru ekki velkomnir hjá utanbæjarfólki.

Takið eftir.

Allir fulltrúar í bæjarstjórn hafa nú samþykkt þetta. Sem segir okkur að við þurfum að fella heila bæjarstjórn. Til þess þarf mörg atkvæði til. Við minnum á að þetta hefur tekist áður hér í bæ. Það þarf ekki að fara mörg ár aftur því til upprifjunar.

Kæri kjósendi. Ef engu er breytt þann 14. maí nk. og þú mögulega kíst flokk vegna gamallar hefðar þá þarft þú, kjósendi góður, að hafa áhyggjur af kettinum þínum. Þarft mögulega að sækja köttinn þinn á stöðina eftir miðnætti og það sem verra er, að reyna útskýra og róa niður smábörnin á heimilinu sem ekki geta sofnað af því að heimiliskötturinn er ekki kominn heim og klukkan að slá í miðnætti og enginn veit hvað gerist.

Hvað verður um kettina? Hver fær leyfi til að sækja þá? Ef þeir eru í garðinum hjá nágrannanum? Má hann gripa til sinna ráða og gera það sem hann vill? Verða hafblá ljós sveimandi um allan bæ á nóttunni? Tekur lögreglan þetta að sér? Ætla þessir aðilar að ráða kattarnæturlerði? Hvað gerist ef kisa er ekki búin að skila sér heim? Það kemur hvergi fram hjá þeim hvað gerist. Hvað verður um kisurnar tvær sem búa í lystigarðinum og eru á annarri hverri mynd með krökkunum sem garðinn sækja og eru orðnir góðvinir garðsins? Hver á að kalla þá inn? Og hvert á að kalla þá?

Bæjarstjórn Akureyrar. Og því miður allir ellefu talsins að þessu sinni. Við höfum trú á fjórum áður.

Hvað sjáði þið fyrir ykkur að það taki langan tíma að drepa allt kattarlíf á Akureyri. 4 ár? 8 ár? 12 ár?

Við getum ekki túlkað þetta öðruvísi en sem grimmilega aðgerð hjá vanhæfri bæjarstjórn til að útrýma köttum á Akureyri. Fjárfjölskyldur til að hugsa sig tvisvar um þegar verið er að velja nýja heimilisdýrið.

Við sjáum ekki annað en að bæjarstjórnin vilji hafa fjölskyldubæinn Akureyri kattalaus innan fárra ára.

Því spyr ég aftur. Ætlum við bara að leyfa þetta, kæri kjósendi?

Það þarf að grípa til vopna. Þú ert með vopnið. Þetta kattamál er eitt mál af mörgum sem tæklað er eins af núverandi bæjarstjórn. Þessi vinnubrögð hjá bæjarstjórninni eru ekki til að hreykja sér af.

Enginn í bæjarstjórninni hefur dug eða hug í að standa upp og segja nei!

Allir eru nú sammála. Prófum þetta maður! Engin andmæli.

Helber meðvirkni og kettirnir deyja. Fjölskyldubærinn Akureyri rær á ný mið með nafn sitt. Mun heita Akureyri – þar sem kettir eru ekki velkomnir hjá utanbæjarfólki. Við verðum skotsþónn, að athlægi.

Ekki ef við fáum ykkur með okkur.

Akureyri. Verum huguð. Þorum að breyta og stoppa þennan farsa sem á sér stað í Ráðhúsi Akureyrarbæjar undir hatti bæjarstjórnar Akureyrar. Þessi farsa verður endursýndur aftur og aftur næstu fjögur árin með fjöldamörg mál sem fara sömu leið og þetta með kettina. Með meðvirkni, ódug og kaffi. Þú getur hnekk þessu.

Til að hnekkja þessu og breyta bænum til betri vegar þurfum við meirihluta atkvæða.

Við þurfum atkvæði ykkar allra.

Við þurfum X-K þann 14. maí.

Að lokum. Þá ætlum við að lofa þér því, kæri kjósendi, að hafa málin okkar brýnni þegar loka á bæjarstjórninni eftir fjögur ár en að hugsa um að loka göngugötunni eða banna lausagöngu katta. Við erum ekki á leið á fjögurra ára kaffihúsa-spjall með vinum okkar um ketti og aðra smávægilega hluti sem ekki skipta stórmáli. Við ætlum að vinna stóru málin fyrir alla þá sem þurfa á okkur að halda og telja að á sér sé brotið. Ungt fólk í fasteignaleit og aldraðir og öryrkjar sem engin kjör fá. Og við ætlum að vinna fyrir kisurnar okkar. Þið hin sem ekki eruð nefnd hér. Segið okkur hver þið eruð og hvar þið eruð.

Við skulum gera hvað við getum til að koma ykkar máli fram og í gegn.

Við ætlum að vinna fyrir ykkur sem hér búa, en ekki þá sem búa hér ekki og eru mögulega að flytja hingað einhvern tímann. ■

Skattskrár vegna álagningar á einstaklinga og lögaðila á árinu 2021 og virðisaukaskattskrá vegna tekjuársins 2020 eru lagðar fram 28. apríl 2022 - 11. maí 2022

Skrár yfir álagða skatta á tekjur einstaklinga og lögaðila á árinu 2021 vegna tekjuársins 2020 ásamt virðisaukaskattskrá eru til sýnis dagana 28. apríl til 11. maí 2022, að báðum dögum meðtöldum, á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur en í Reykjavík í Tollhúsinu Tryggvagötu 19.

Auglýsing þessi er birt, skv. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 46. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Reykjavík, 28. apríl 2022

Ríkisskattstjóri



Verkið Petta er ég eftir Hörpu Rut Elisdóttur.

Af hverju er verið að gera upp á milli fólks?!

Bréf til samfélagsins um réttindi fatlaðs fólks

Harpa Rut Elisdóttir,
Sigríður Anita Rögnvaldsdóttir,
Harpa Líf Ragnarsdóttir,
Erlingur Örn Skarphéðinsson.

Höfundar eru nemendur í
1 árs námi í myndlist við
Myndlistaskólann í Reykjavík.

Öll erum við manneskjur og eigum þá öll að hafa sömu réttindi og allir hinir. Sumu fólki finnst í lagi að bjóta mannréttindi ef maður er fatlaður. Við eigum að geta farið í það nám og þau störf sem við viljum fara í. En sem fatlað fólk getum við ekki sótt um sumt nám vegna þess að við fáum ekki stúdentspróf og höfum þá ekki tækifæri til sækja um áframhaldandi nám. Stúdentsprófið er lykillinn til að komast áfram í lífinu, en við fáum ekki einu sinni tækifæri til að fá þennan lykil og komumst því ekki áfram því hurðin er læst.

Við höfum öll lent í því að það sé talað öðruvísi við okkur af því að við erum með fötlun, þótt við séum með fötlun þá þýðir það ekki að við séum krakkar. Við viljum að það sé borin virðing fyrir okkur. Fatlaðir eiga að hafa sinn rétt og eiga að fá að gera það sem aðrir fá

að gera. Annað fólk fær tækifæri til að sækja um í háskóla en ekki við. Þetta eru brot á mannréttindum. Okkur finnst að fatlað fólk eigi að fá stuðning í hvaða námi og starfi sem það vill fara í. Við hvetjum allt samfélagið til að standa með okkur í þessum málum.

Þegar við fórum í heimsókn í Listaháskólann um daginn sögðu þau bara við okkur að við gætum ekki komið í skólann vegna þess að við erum ekki með stúdentspróf og þau hefðu ekki nægan pening til þess að veita þann stuðning sem við þurfum. Við tókum það nærri okkur að ekki væri gert ráð fyrir fötludum nemendum við skólann. Ef við værum ekki fötlud væri örugglega möguleiki að komast í skólann án stúdentsprófs.

Af hverju er verið að gera upp á milli fólks?! Það eiga allir að hafa sömu tækifæri til að geta sótt um í háskólanám. Þó að fólk sé fatlað þá vill það samt mennta sig eins og annað fólk.

Við biðjum alla háskóla á Íslandi að breyta þessu og bjóða upp á fjölbreytt nám með stuðningi fyrir fatlað fólk. Við biðjum samfélagið að styðja við okkur og við biðjum stjórnvalda að breyta menntakerfinu þannig að við fáum öll tækifæri til að halda áfram í námi. Eins og er sagt hér að framan viljum við að fatlaðir geti sótt um hvaða nám sem þau vilja og fái til þess stuðning. ■

Mótmæli



Úrsula Jünemann
kennari á eftir-
launum

Ég fór að mótmæla á Austurvelli, ásamt stórum hópi sem safnaðist saman. Ég veit ekki hversu margir mættu, sennilega þúsund manns, atburðurinn var vel sóttur.

Fólkið var að mótmæla siðlausri ríkisstjórninni sem fer frjállega með eignir þjóðarinnar. Það var að mótmæla að vildarvinir fengu að kaupa hlut í Íslandsbanka á afsláttarverði og gátu grætt á einni nóttu milljónir með því að selja þetta áfram á raunverði. Því var mótmælt að salan fór fram fyrir luktum dyrum á fölskum forsendum. Þegar loks voru birt nöfn þeirra sem fengu að kaupa komu í ljós kunnugleg nöfn manna sem áttu einnig þátt í hruninu á sínum tíma. Dygga stuðningsmenn eins og Þorstein Mú Baldvinsson var þar að finna.

Spjótin beinast að fjármálaráðherra Bjarna Benediktssyni sem stóð fyrir þessum gjörningi en þykist ekki bera ábyrgð á klúðrinu

og veit ekki einu sinni að faðir hans var í hópi þeirra útvöldu. Í flestum siðmenntuðum ríkjum væri þetta meira en nóg til að krefjast afsagnar. Bjarni á reyndar fleiri hneykslismál að baki í sinni ráðherraátt sem gerir hann mjög óhæfan sem fjármálaráðherra. En hann situr sem fastast með einróma stuðningi frá sínum flokki ásamt Framsókn og Katrínu Jakobsdóttur sem rígheldur í sitt forsætisráðherraembætti hvað sem tautar og raular.

Er ég mætti þarna á Austurvöll rifjaðist upp fyrir mér veturinn 2008/2009, þegar svonefnd búsáhaldaþynging átti sér stað. Þá var mótmælt dag eftir dag eftir að „fjármálasnillingarnir“ höfðu sett allt á hausinn, komu sínu tímanlega í öruggt skjól í aflöndunum og létu alþýðuna sitja uppi með hrunið sem kostaði marga aleiguna. Við „pöpull-

inn“ mættum á hverjum einasta degi í kulda og trekki og vorum að berja pottar og pönnur, öskruðum okkur há og kröfðumst að ráðamenn tækju ábyrgð á þessu. En friðsamleg mótmæli virðast ekki bera árangur, það var eins og kallað væri fyrir daufum eyrum.

Það var ekki fyrr en reidin var svo mikil að það sauð upp úr. Þá var Óslóarjólalatréd fellt og brennt, bekkir hlutu sömu örlög. Þá voru rúður brotnar í Stjórnarráðshúsinu og skítabombum kastað þar inn. Þá var gerður aðsúgur að Geir Haarde forsætisráðherra. Og þá var steinum kastað í lögreglumenn og einhverjir slösuðust. Við sem friðsamir mótmælendur vildum ekki svona. Lögreglumenn sem höfðu þurft að standa vaktina fengu kakó og rósir frá vel þenkjandi fólki. Við eru friðsamlegt land og höfnum ofbeldi.

En á þeim árum sem mótmælin stóðu sem hæst náðist enginn árangur fyrr en allt fór úr böndum. Ég vona að stjórnvöld hlusti á þjóðina núna. Um 80% eru á móti sölu hlutabréfa í Íslandsbankanum. Við viljum ekki spilltan fjármálaráðherra sem hyglir sínum vinum og vandamönnum. Vonandi fáum við afsögn hans án ofbeldis, sem gæti jú blossað upp þegar reidin verður of mikil. ■

Á réttri leið



Heiða Björg
Hilmisdóttir
borgarfulltrúi
Samfylkingar-
innar og formaður
velferðarráðs

Helstu áskorunum samtímans verður ekki mætt án kröftugrar aðkomu borga. Þar má nefna loftslagsmálin, baráttuna fyrir jöfnuði og jöfnum tækifærum fólks, jafnrétti kynjanna, móttöku flóttafólks, baráttu gegn ofbeldi og margt, margt fleira. Öll þessi verkefni verða best unnin með jafnaðarhugsjónina sem leidarljós enda er það varla tilviljun að öllum framsæknustu borgum Evrópu er stýrt af jafnaðarfólki. Þar á meðal hefur Reykjavík verið og verður að vera áfram!

Við í Samfylkingunni höfum sannkallaða ástríðu fyrir borginni okkar og framþróun hennar og hvernig við getum bætt daglegt líf borgarbúa. Hvernig við getum stuðlað að heilbrigði okkar allra, öryggi og vellíðan. Við viljum skapa betri borg og gott samfélag til framtíðar fyrir okkur öll og komandi kynslóðir. Sem leidandi afl í höfuðborginni mun Samfylkingin halda

áfram að vera óhrædd við að setja stór og mikilvæg mál á dagskrá í íslensku samfélagi. Tala fyrir þeim og framkvæma, því þó að margt af því sem við jafnaðarfólk höfum sett á dagskrá á vettvangi borgarstjórnar síðustu ár hafi hlotið háværa gagnrýni í upphafi er það nú eitthvað sem er almenn skoðun og viðurkennt sem mikil framfaraskref. Ég get nefnt uppbyggingu leikskóla, kynjanda fjárhagsáætlun, hreinsun strandlengjunnar, þéttingu byggðar, móttöku flóttafólks, framtíðar skipulag í Vatnsmýri, þjónustu við heimilislaust fólk, styttingu vinnuvikunnar og margt, margt fleira. Með verkum okkar í Reykjavík höfum við breytt Íslandi til betri vegar – og við viljum og þurfum að halda áfram á sömu braut.

Gott samfélag verður til þegar allir íbúar fá tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu og enginn er skilinn eftir. Þar sem íbúar upplifa frelsi og samstöðu. Þetta eru grunn-gildi Samfylkingarinnar. Þetta er verkefni okkar jafnaðarfólks að tryggja að við séum öll í sama samfélagi – því sundrað samfélag er ógn við öryggi og farsæld okkar allra. Við þurfum öll að tilheyrja – öll að skipta einhvern máli.

Við getum sannarlega verið stolt

af verkum okkar í Reykjavík á síðustu árum. Reykjavík er öflugasta sveitarfélagið í velferðarmálum og hvers kyns félagslegri uppbyggingu og þjónustu. Húsnæðisuppbygging hefur verið hlutfallslega meiri í Reykjavík en annars staðar á landinu og hér er að byggjast upp húsnæði fyrir alla hópa samfélagsins.

Reykjavík dregur vagninn í loftslagsmálum og stefnir hraðbyri á að verða kolefnishlutlaus, blómleg og heilbrigð borg. Við höfum nánast útrýmt launamun kynjanna og við vorum í forystuhlutverki með verkalyðshreyfingunni við styttingu vinnuvikunnar. Við höfum innleitt nýja hugsun í skipulagsmálum og samgöngum, sem er grunnurinn að sjálfbærri uppbyggingu framtíðarinnar. Borgarlína og þétting byggðar eru í raun, forsendur kolefnishlutleysis og heilnæmara borgarumhverfis, lykillinn að framtíðinni, rétt eins og hreinsun strandlengjunnar og uppbygging leikskólanna voru þegar Ingibjörg Sólrún stýrði borginni inn í nýja tíma.

Reykjavík er á réttri leið, undir forystu Samfylkingarinnar hefur Reykjavík náð góðum árangri því við setjum velferð fólks í fyrsta sæti og við vitum að velferð eins er velferð allra. ■

Borgarstjóri heldur þræla



Ásta Krístrún
Ólafsdóttir
sálfræðingur,
kennari og móðir

Bara svo þið vitið það áður en þið gangið til kosninga, þá heldur borgarstjóri og hans lið, hópi fólks nauðugu í erfiðisvinnu án þokunar né launa. Þessi vinna, sem fólk er neytt til að inna af hendi, er bæði líkamlega og andlega erfið. Hún er félagslega einangrandi, krefst viðveru allan sólarhringinn og gengur nærri heilsu fólks.

Það er enginn leið út úr þessari nauðung og ef einhver vogar sér að leita réttar síns, grípur borgarstjóri hiklaust til varna.

Ef einhver getur sýnt fram á að þessi nauðungarvinna hafi skert tekjur sem viðkomandi kann að hafa haft af annarri vinnu, getur sá hinn sami sótt um hungurlús hjá Tryggingastofnun fyrir þrældóminn. Ef þú bugast undan álaginu og veikist á líkama eða sál, færðu ekki neitt. Tryggingastofnun hefur réttléga bent á að veikt fólk getur ekki annast fatlað fólk og því fær það enga hungurlús.

Þegar veiki þrællinn biður borgina að aðstoða sig við að komast til heilsu er svarið „nei“. Þrællinn getur

Þegar veiki þrællinn biður borgina að aðstoða sig við að komast til heilsu er svarið „nei“.

fengið að barma sér hjá félagsráðgjafa hjá þjónustumiðstöð, sér að kostnaðarlausu, en ef hann er mjög illa staddur getur hann sótt um nokkra tíma hjá sálfræðingi.

Kannski getur hann sótt um tíma í nuddi eða nálarstungum en þrællinn sem þetta skrifar hefur ekki haft rænu á að láta sér detta það í hug en eins og alkunna er þá upplýsir borgin ekki um valkosti að fyrri bragði.

Starfið sem hér er ræðir felst í umönnun fólks sem fötlunar sinnar vegna getur ekki séð um sig sjálf. Þetta er vinna sem borgin á, lögum samkvæmt, að inna af hendi. Borgin ber ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk. Ekki bara smá eða þóttu litla ábyrgð heldur 100% ábyrgð.

Borgin axlar ekki þessa ábyrgð og veltir henni yfir á þræla sína, það er foreldra og aðstandendur hinna fötludu.

Siðferði yfirvalda sést best á því hvernig það kemur fram við þá sem minnst mega sín. Núverandi meirihluti borgarinnar skitfellur á því siðferðisprófi, misnotar fólk svo það tapar heilsunni en dúllar sér við að punta og skreyta borgina fyrir fjármuni sem ættu, ef þetta fólk hefði einhverja sómakennnd, að fara í að leysa þræla úr ánaud og veita fötludu fólki þá þjónustu sem það þarfnast.

Það er ósk mín að næsti meirihluti í borginni verði fólk með sæmilega dómgreind, þokkalegt siðferði og hjartað á réttum stað. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 28. apríl 2022



Robert Pattinson ætlar að leika Leðurblökumanninn aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Framhald verður á The Batman 2

oddufreyr@frettabladid.is

Það verður gert framhald af nýju kvikmyndinni um Batman. Robert Pattinson verður áfram í aðalhlutverkinu og Matt Reeves sér aftur um leikstjórn. Þetta var staðfest á CinemaCon, sem stendur nú yfir í Las Vegas.

Reeves þakkaði við þetta tækifæri fyrir allan stuðninginn við The Batman og sagðist spennur fyrir því að stökka aftur inn í þessa veröld til að skapa næsta kafla.

Nýjasta kvikmyndin um Leðurblökumanninn er myrkari í tón en allar aðrar Batman myndir sem hafa komið út til þessa. Hún hefur engu að síður notið mikilla vinsælda, fengið einróma lof gagnrýnenda og þénað yfir 759 milljón dollara, en strax á fyrsta degi náði hún að hala inn 100 milljón dollara í tekjur.

Sjónvarpsþættir líka á leiðinni

Auk framhaldsins er Reeves einnig að vinna að sjónvarpsþáttum sem fjalla um Mörgæsina, sem leikin er af Colin Farrell, eins og í nýju myndinni.

Það er ekki ljóst um hvað nýja myndin fjallar, en það er nokkuð ljóst að Jókerinn verður áberandi, en ný útgáfa af persónunni sást í lok The Batman. Seinna var svo lengra atriði með honum sem var klippt úr myndinni birt á vefnum og vakti mikla athygli. ■



Vitjanir og forláta vesti

Sjónvarpsþáttaröðin Vitjanir hóf göngu sína í sjónvarpi allra landsmanna um páskana. Þættirnir eru átta talsins og lofa fyrstu tveir mjög góðu. Tónlistin í þáttunum hefur vakið verðskuldaða athygli enda tengist hún umfjöllunar-efninu órjúfanlegum böndum. **2**

Ragnar Ólafsson tónlistarmaður, meðlimur í hljómsveitinni Árstíðum og höfundur tónlistarinnar í nýju sjónvarpsþáttunum Vitjunum, segir uppáhaldsflíkina klárlega vera svart vesti sem honum hlotnaðist á tónleikaferðalagi fyrir nokkrum árum. Hér fær það að skina á sparilegan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR



85%
VIRKT
CURCUMIN

www.celsus.is



Ragnar samdi alls þrjá klukkutíma af tónefni fyrir sjónvarpsþættina og segir tónlistina sterklega tengda sögu þáttanna og staðnum sem þeir gerast á.



Hann segir vestið vera þannig gert að það passar hreinlega við allt og allar árstíðir. Það sé hæfilega rokkaralegt, passlega arti, nógu snyrtilegt en líka nógu kærulaust.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Heilinn á bak við tónlistina í þáttunum er enginn annar en Ragnar Ólafsson, sem að eigin sögn er þúsundþjalasmiður þegar kemur að tónlist. „Ég hef gaman af því að fást við alls konar tónlistarstefnur. Flestir þekkja mig líklega úr hljóm-sveitinni Árstíðum eða hafa heyrt af sólóverkefninu mínu,“ segir Ragnar, sem hefur einnig í gegnum árin pródúserað lög fyrir söngva-keppnina, starfað sem trúbador og spilað dinner-djass. Að auki hefur hann spilað með þungarokks-sveitum eins og Ask the Slave, ferðast um heiminn með hljóm-sveitinni Sólstöfum sem organisti og kemur fram á tónleikum með Sign. „Á síðustu árum hef ég svo verið að færa mig yfir í að semja fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Ég hef áður gert tónlist fyrir stuttmyndir, heimildarmyndir, trailera og nokkur viðbótarlög við kvikmyndir, en þetta er í fyrsta skipti sem ég hef gert tónlist fyrir heila seríu,“ segir Ragnar.

Vestið góða alltaf með í för

Á öllum þessum tónleikaferðalögum segir hann eina flik alltaf leynast í töskunni. Það sé vestið góða. „Ég hef sennilega spilað megnið af tónleikum síðan árið 2018 í þessu vesti,“ segir Ragnar. Vestið góða kom í hendur Ragnars þegar hann var á tónleikaferðalagi fyrir nokkrum árum. „Mig sárvantaði hrein fót til að fara í á sviðið. Fiðlari sem var að ferðast með mér rétti mér vesti og ég hef varla farið úr því síðan. Ég er með nokkur svona „go-to“ fatasett, en einhvern veginn enda ég alltaf á því að bæta þessu blessaða vesti við blönduna. Þetta vesti passar einhvern veginn fullkomlega inn í hvaða árstíð sem er. Að fara í vesti er fljótlegasta og auðveldasta leiðin til að klæða sig upp. Það er endalaust hægt að leika sér með mismunandi samsetningar og vestið góða passar við allt. Sökum þess hvað ég hrærst í mörgum mismunandi tónlistarstefnum hef ég þróað fatastíl sem virkar í öllum senum, og vestið leikur þar lykilhlutverk. Það er hæfilega rokkaralegt, passlega arti, nógu snyrtilegt en líka nógu kærulaust. Svo er líka auðvelt að þrifa vesti og þau lúkkja alltaf vel þótt þau séu krumpuð, sem er óneitanlega kostur á löngum tónleikaferðalögum,“ segir Ragnar.

Ragnar segir fatastíl sinn í senn kærulausan og útpældan. „Tónlist er bæði áhugamálið mitt og

vinnan mín, þannig að í raun er ég alltaf vinnandi. Ef ég er ekki á tónleikaferðalagi þá eyði ég öllum mínum stundum uppi í tónveri að búa til tónlist. Þess vegna fíla ég að ganga í fötum sem eru bæði þægileg, auðveld að klæða sig í og líta vel út. Yfirleitt eru það kærustur sem sjá um að kaupa handa mér föt, en svo kíkí ég kannski í H&M á tónleikaferðalögum þegar mig vantar hreina sokka,“ segir Ragnar og hlær.

Vitjun í símtali

„Þetta hófst allt með einu símtali frá Evu Sigurðardóttur leikstjóra vorið 2020,“ segir Ragnar um tónlistarverkefnið í Vitjunum. „Hún var að kanna hvort ég hefði áhuga á verkefninu og væri laus. Tímasetningin var fullkomin enda gat ég ekki túrað eftir að Covid skall á og vantaði eitthvað til að gera. Svo tengdi ég líka strax við þessa sögu. Í þessu fyrsta símtali lýsti Eva söguþræðinum fyrir mér í stuttu máli og út frá því fékk ég strax hugmyndir að stefnum og tónverkum sem rötudu í þættina,“ heldur Ragnar áfram.

„Ég var svo heppinn að koma inn í ferlið nokkrum mánuðum áður en tókur hófust. Við Eva hittumst nokkrum sinnum og ræddum á heimspekilegum nótum um hvert hlutverk tónlistarinnar ætti að vera og hvernig hún gæti þjónað sögunni.“

Hver þögn á sér tilgang

Ragnar segist vera algjört kameljón í öllu sem hann gerir. „Í hverju verkefni sem ég tek að mér reyni ég að gera eitthvað allt öðruvísi en ég hef gert áður. Það skiptir mig miklu máli að hvert verkefni hafi algjörlega sinn eigin hljóm. Ég hef þínu gaman af því að vera dramatískur og það er kannski rauður þráður sem tengir öll min verkefni. Sem betur fer er fullt af dramatískum hápunktum í Vitjunum þannig að ég gat stundum sleppt fram af mér beislinu í tónverinu.“

Þegar tókur hófust heimsótti Ragnar tókustaðinn á Grundarfirði í nokkra daga, kynntist leikurunum, handritshöfundunum og tókuliðinu. „Þá fékk ég enn betur á tilfinninguna hvernig tónlistin ætti að vera og hljóma. Litirnir á Grundarfirði höfðu mikil áhrif á hljóðferavalið mitt. Litir og ljós, þetta er bara tíðni, alveg eins



Ragnar telur það ekki ósennilegt að hann hafi klæðst vestinu á öllum tónleikum frá 2018.

Hver einasti tónn, tónbil eða tónverk í þessum þáttum eiga sér dýpri merkingu eða þýðingu fyrir karakterana og þróun atburðarásarinnar.

Ragnar Ólafsson

og tónar, og mín vinna felst meðal annars í því að finna réttu hljóðtíðnina við það sem við sjáum á skjánum.

Ég er bókmenntafræðingur að mennt þannig ég nálgadist gerð tónlistarinnar á mjög táknrænum nótum. Ég byrjaði á því að lesa handritið vandlega, drekka í mig söguna og reyna að gera mér í hugarlund hvernig stemningin ætti að vera. Svo settist ég við píanóid og fór að semja stef og reyndi að fanga þessa stemningu. Tónlistin í Vitjunum er ansi bíóleg (e. cinematic) í samræmi við umfjöllunarefni þáttanna og hið vestfirska umhverfi sem blasir við. Ég notaðist mikið við kvenraddir við gerð tónlistarinnar, enda er þetta í grunninn mögnuð saga fjögurra kvenna.

Tónlistin miðar að því að hjálpa til við að segja söguna í Vitjunum og hún þróast í gegnum alla átta þættina samhliða söguþræðinum og innra ferðalag sögupersónanna. Hver einasti tónn, tónbil eða tónverk í þessum þáttum eiga sér dýpri merkingu eða þýðingu fyrir karakterana og þróun atburðarásarinnar.“

Tölf mánaða vinnutörn

„Allt í allt tók þetta um tólf mánuði, og í gegnum allt ferlið var alltaf samtali í gangi milli mín og Evu, og líka klipparans, Úlfs Teits Traustasonar, þar sem við köstuðum hugmyndum á milli og ræddum

málin. Ég vann um þrjá klukkutíma af tónefni og megnið af því rataði í þættina. Alls eru þetta um 220 tónverk sem koma fyrir. Sum stefin koma oftar en einu sinni en hljóma aldrei eins. Í hverjum þætti taka þau breytingum samhliða ferðalagi sögupersónanna og atburðarásinni.

Um leið og Úlfur fór að senda mér búta hófst ég handa við að máta tónverkin mín beint við senur. Þegar þættirnir voru klipptir og tilbúnir þá hafði ég nokkra mánuði til að liggja yfir smáatriðum og klára upptökur og hljóðblanda. Ég á það til að verða heltekinn af því sem ég er að vinna að hverju sinni. Ég loka mig yfirleitt vikum saman af í tónverinu og vinn 12-14 tíma á dag. Lifið snýst bara um þetta eina verkefni meðan á því stendur. En sem betur fer þekkja vinir mínir, kærastan mín og hljómsveitarmedlimir mig afar vel og hafa alltaf þolinmæði fyrir mér þegar ég fer í svona tórna. Sem betur fer.“

Ragnar segist hafa fengið góð viðbrögð frá samstarfsfólki sínu í þáttaröðinni. „Fyrir nokkrum vikum hittumst við öll; leikarar, framleiðendur og fleiri í Bíó Paradis og horfum á fyrsta þáttinn saman. Margir leikaranna höfðu ekki heyrt neitt af tónlistinni fyrir sýninguna og hrósuðu tónlistinni eftir á. En ég bið átekta eftir að heyra hvernig þjóðinni list á, enda eru sex þættir eftir.“ ■



comma,

casual, elegant & cool

15% afsláttur af öllum buxum fyrir öll tækifæri

Tískan



ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Börnin eru fegursta sköpunin



Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Erla Dóra Gísladóttir skartgripahönnuður á sér marga aðdáendur, heima á Íslandi og úti í hinum stóra heimi. Hún kys að skart verði náttúrleg framlenging persóna.

„Ég á margar fallegar minningar um skart. Ég elskaði auðvitað að gramsa í skartgripaskríninu hjá mömmu þegar ég var lítil og fannst ég vera ógurleg þæja þegar ég fékk að fara í Úlfarsfell og kaupa límíða-eyrnalokka á spjalði, en svo vandaðist valið hvort það yrðu fjólublá hjörtu eða gulu tunglín þann daginn,“ segir skartgripahönnuðurinn Erla Dóra Gísladóttir, um sín fyrstu kynni af skartgripum.

Hún er borgarborn í húð og hár, en elskar samt að fara niður í fjöru og skottast um berfætt í sandinum.

„Náttúran er minn innblástur númer eitt, því hún er endalaus uppspretta af viðfangsefnum og skemmtilegum áferðum,“ svarar Erla Dóra, innt eftir yrkisefni sínu við skartgripahönnun. „Undanfarin misseri hef ég þó unnið meira með alls konar minningar og tilfinningar sem þær kalla fram.“

Fyndið, einstakt og einlægt

Erla Dóra hefur alla tíð verið skapandi og segir rifjast upp æ betur hversu ung hún fór að gera skartgripi.

„En ég áttaði mig ekki á því fyrr en seint og síðar meir að skartgripahönnun væri alvöru möguleiki þegar kæmi að atvinnu, því allt svona kreatíft vill oft verða



Erla Dóra getur ekki hugsað sér meiri viðurkenningu en þegar fólk ber það sem hún kallar hvunn-dagsskart hennar alla daga, enda eigi skartgripir ekki alltaf að taka sig af alvarlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

” Mig langaði að skapa skemmtilega og einlæga línu þegar heimurinn var á síður upplifgandi stað.

Sumaryfirhafnir frá Junge

SKOÐIÐ LAXDAL .IS

Fylgið okkur á FB Laxdal er í leiðinni

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Glaðlegur lakkríshringur úr silfri.



Sleikjóar úr Bland í poka-línu Erlu.



Dýrindis hringar með eðalsteinum.

stimplað sem hobbí. En þegar hausinn var kominn á sama stað og hjartað var ekkert annað sem kom til greina þegar kom að námi og ævistarfi.“

Erla Dóra segir skartið sem hún skapar vera svoltið öðruvísi og vonar að svo verði alltaf.

„Það er einstakt og einlægt, en líka svoltið myndi og skemmtilegt. Skartgripir finnast mér eiga að vera eins og litil listaverk. Þeir kalla fram tilfinningar og fela í sér einhverja sögu sem fær svo að bæta við nýjum kafla. Þeir þurfa samt ekki alltaf að taka sig af alvarlega,“ segir hún glettin.

Stíll Erlu Dóru er í senn fjölbreyttur en sérstakur.

„Þannig geta allir vonandi fundið sig í einhverju sem ég geri. Skel er ekki bara skel og sleikjó ekki bara sleikjó; skart er það sem þú tengir það við. Hvunn-dagsskart er kannski ekki tignarlegur titill en ég get ekki hugsað mér betri viðurkenningu en að sjá fólk bera mína sköpun alla daga, alltaf.“

Punkturinn yfir i-ið

Skart er alltaf í tisku, nú sem endranær, segir Erla Dóra.

„Skart er punkturinn yfir i-ið. Undanfarið hefur verið mikil 90's-stemning, sem er frábært. Ég frumsýndi einmitt bland í poka-línu mína fyrir tæpu ári, til að



Fögur form náttúrunnar verða Erlu Dóru iðulega að yrkisefni, svo sem skeljar og kuðungar.

spila svoltið inn á þessa 90's-þrá, að fara í sjoppuna með 50-kall og fá risastóran grænna bland í poka og þá einskæru gleði sem nammi getur verið. Mig langaði að skapa skemmtilega og einlæga línu þegar heimurinn var síður á upplifgandi stað.“

Hún hefur gaman af því að sjá út íslenska hönnun, misvel þekkt, í útliti annarra.

„Það er bara svo gaman að sjá fólk með skart sem passar einhvern veginn fullkomlega við persónuleika þess. Svo er náttúrulega langskemmtilegast þegar ég sé övnt grip eftir mig,“ segir Erla Dóra kát.

Hún vill að fólk liði fyrst og fremst vel með skart eftir sig.

„Ég vil að skartgripur verði náttúruleg framlenging af þeim sem ber hann. Það er sannarlega frábært þegar sá sem ber skart kann að meta hugsun hönnuðarins, en

það er langbest þegar viðkomandi tengir strax sínar eigin tilfinningar við gripina, sem eru kannski allt aðrar en mínar.“

Sjálf á Erla Dóra nokkra skartgripi sem eru henni hjartfölgir og hún notar spari.

„Það eru eldgamlir erfðagripir sem hafa lifað mun lengur en fólkíð sem bæði bjó þá til og átti þá fyrst. Það vona ég að mitt skart fái líka að gera; að lifa og skapa minningar með mörgum kynslóðum. Stoltust er ég þó af börnunum mínum. Þau eru það fegursta sem ég hef skapað. Skartgripirnir mínir eru líka svoltið eins og börnin mín og ég er fáránlega stolt af því hversu vel þeir eru að pluma sig í heiminum.“ ■

Hægt er að skoða skartgripina hennar Erlu Dóru á Instagram @eddodesign og á eddodesign.com



FRANSEN léttur jakki
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-54
Verð 32.980 kr



NORMANN Vegan létt „dún“ úlpa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-54
Verð 29.980 kr



NORMANN útivistarjakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð 32.980 kr



NORMANN stungið vesti
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-54
Verð 16.980 kr



I'CONA jakki
Fæst líka í svörtu
Stærðir 40-52
Verð 37.980

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE
Nordic

OPHILIA



Q'NEEL/NOEN skyrta
Stærðir 38-52
Verð 22.980 kr



TIA kjóll
Stærðir 40-52
Verð 26.980 kr



ES&SY Zoe síðermakjóll
Stærðir 38-46
Verð 9.980 kr



ES&SY Wendelien stuttermabolur
Stærðir 38-46
Verð 5.980 kr



QUE kjóll
Stærðir 38-52
Verð 13.980 kr

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



TAMARIS business casual hælaskór
Stærðir 37-41
Verð 18.990



TAMARIS strigaskór
Fást líka í svörtu
Stærðir 37-42
Verð 18.990 kr



Lou - Símataska,
lítill "crossbody" hliðartaska
Fæst í 4 litum
Verð 3.990 kr

LOI hliðartöskur
Fást í svörtu og brúnu
Stærð 27x26x8 cm
Verð 6.990 kr

TAMARIS inniskór
Fást í nokkrum litum
Stærðir 36-42
Verð 9.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonnaLíttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Gæti breytt fataframleiðslu til frambúðar

Á sýningu Brandon Maxwell mátti sjá nokkrar flikur með sveppamynstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Undanfarin ár hefur sveppamynstur verið áberandi á tískufatnaði, en einnig efni unnin úr sveppum.

sandragudrun@frettabladid.is

Þegar vor- og sumartískan 2022 var kynnt var augljóst að hönnuðirnir voru með hugann við sveppi. Rodarte, Brandon Maxwell og Stella McCartney voru meðal þeirra sem voru með sveppamynstur á fötum í sínum fatalinum. Það var hægt að sjá sveppamyndir á kjólum, skyrtum og jafnvel strigaskóm. Þá mátti einnig sjá sveppatöskur á tískupöllum.

Á sýningu Stellu McCartney, sem var innblásin af sveppum, mátti heyrja upptöku af sveppum vaxa og einnig mátti heyrja rödd bandaríska sveppafræðingsins Paul Stamo fara með lofræðu til sveppa, en hann sagði meðal annars að sveppir væru framtíðin. Sveppir veittu einnig listrænum stjórnanda sýningar á vetrarlinu Alexanders McQueen innblástur. Listræni stjórnandinn Sarah Burton sagði í viðtali við Guardian eftir sýninguna að hennar helsti innblástur hafi verið mýsli (e. mycelium). En nafnið á línunni var einmitt Mycelium. Mýsli er net sveppaþráða á sveppum og er yfirleitt neðanjarðar. Á sýningunni mátti sjá ýmsar vísanir í sveppi og mýsli. Til dæmis var þar þrjónuð peysa með hangandi þráðum og sveppamynstri og kjóll í sniði sem minnti á svepp.

Föt með sveppamynstri voru áberandi á sýningu Stellu McCartney. En sveppir voru innblástur hennar fyrir vor- og sumarlinuna í ár.



Fyrirsæta með peysu með sveppamynstri hangandi yfir öxlunum á sýningu Brandon Maxwell á vor- og sumartískunni 2022.



Fyrirsæta í buxum með sveppamynstri á sýningu á vor- og sumarlinu Stellu McCartney. Þræðirnir á toppnum eru hugsanlega visun í mýsli.

Byltingarkennd uppfinning

Undanfarið hefur það aukist að nota mýsli til að búa til efni sem notað er í föt og húsgögn enda talinn sjálfbær valkostur í stað leðurs. Sarah sýndi að vísu engin föt úr mýsli á sýningunni en hún sagðist vonast til þess að fyrirtekið gæti notað efnið í náinni framtíð þegar tilbúnað verða nægilegar vörur gerðar úr efninu. Því hefur verið haldið fram að það að búa til efni úr mýsli gæti verið ein byltingarkenndasta uppfinning síðari ára. Mýsli er 100% náttúrulegt og niðurbrotanlegt efni. Það er hægt að rækta það í leðurlík efni sem eru að sögn algjör lúxusvara, endingargóð og þægileg. Það sem meira er, framleiðsla þess lágmarkar efnanotkun þar sem notaðar eru nýstárlegar lífverkfræðiaðferðir og umhverfisvæn efnameðhöndlun við framleiðsluna. Mýsli gæti því breytt fataframleiðslu til frambúðar. ■



Sveppatískan hefur náð til fólksins en hér er gestur á tískuvíkunni í New York með sveppaveski.



PRESSAN

PRESSAN

FIMMTUDAGA KL. 20.00

OG AFTUR KL. 22.00

Hraður þáttur um helstu fréttamál líðandi stundar í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar.



HRINGBRAUT



HANDÞVOTTUR OG HANDSPRITT, ÁVALLT NÚMER EITT!

TVÆR TEGUNDIR:
SÍTRÓNA OG LAVENDER
ILMURINN ER EINSTAKUR



Einstakt handspritt með 100% hreinum ilmkjarnaolíum og hafþyrnisolíu
sem hefur magnaða húðbætandi eiginleika.

SÓTTREINSANDI - MÝKJANDI - NÆRANDI

 **númer eitt**

Fæst í stórmörkuðum, betri verslunum og apótekum | Nánari upplýsingar á www.numereitt.is

ÞÍN HEILSA - OKKAR ÁSTRÍÐA

Bílar & Farartæki

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr



SAILSKI®
Gerio verðsamanburð!
www.veidiportid.is

BLÖÐIN
Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080 retta.is
olafur@retta.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opð mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



ÍPRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 19.00



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Ruslatunnur fyrir flokkað sorp

EcoArc endurvinnslutunnur

Hentar utan- sem innandryra. Þakið hindrar að rigni ofan í tunnuna. Yfirborð er hrjúft til þess að ekki sé hægt að líma límímiða á tunnurnar. Hannaðar til að taka minna gólfpláss. Hægt er að læsa tunnunum. Festingar í botnplötu til að festa við gólf. A4 rammar fyrir leiðbeingar. A2 rammi á hlið fyrir aðrar upplýsingar. Stærðir: H: 1100 - B: 333 - D: 600 mm



Einnig er hægt að snúa tunnunum bak í bak

Leafield
environmental



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Sýningarsalur
Draghálsi 4 - S: 535 1300
verslun@verslun.is

TAKTIK 5763 #

HEF OPNAÐ Á NÝ EFTIR COVID

Söluturninn Smárinn
Dalvegi 16c, Kópavogi
s. 564 2325



GRINDAVÍKURBÆR

Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032

Breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 vegna aðgengis og þjónustu vegna eldsumbrota við Fagradalsfjall og athafnarsvæði í Hraunsvík vegna landtöku sæstrengs.

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 29. mars 2022 ofangreinda tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032, með áorðunum minniháttar breytingum í kjölfar athugasemda og umsagna. Tillagan var auglýst frá 3. desember 2021 til 14. janúar 2022.

Skipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Peir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Grindavíkur.

*f.h. bæjarstjórnar Grindavíkur
Atli Geir Júlíusson, skipulagsfulltrúi*



LANDSRÉTTUR

Dómvörður

Landsréttur auglýsir lausa til umsóknar stöðu dómvarðar í fullt starf. Starfið felur í sér fjölbætt öryggis- og þjónustuhlutverk við dómstólinn.

Helstu verkefni eru:

- Öryggisgæsla og þjónusta við þá sem erindi eiga í dómhúsið
- Umsjón og eftirlit með öryggiskerfum og öðrum öryggismálum hússins
- Almenn húsvarsla, þar með talið minni háttar viðhald
- Umsjón með dómsölum, þar á meðal tæknileg úrvinnsla er varðar hugbúnað og vélbúnað
- Innkaup á rekstrarvörum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun er kostur sem og önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af löggæslu- eða öryggisstörfum er kostur
- Líkamlegt og andlegt atgervi til að mæta óvæntum uppkomum í starfseminni
- Hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og sveigjanleiki
- Góð íslenskukunnátta
- Almenn tölvufærni

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og Sameyki.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að sækja um óháð kyni. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Umsækjandi kann að verða beðinn um að framvísa sakavottorði í ráðningarferlinu. Hafi umsækjandi verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi getur það orðið til þess að viðkomandi teljist ekki hæfur til að gegna starfi hjá dómstólum.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið landsrettur@landsrettur.is. Umsóknir gilda í allt að sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Viðar, skrifstofustjóri Landsréttar, gunnar.vidar@landsrettur.is eða í síma 432-5300.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2022.

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is



Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Staðan er engan veginn boðleg til lengdar

Það er ekki aðeins á höfuðborgarsvæðinu sem deilt er um aðstöðumál í íþróttalífinu. Knattþús á Ísafirði hefur verið til umræðu innan stjórnsýslunnar í rúm fjögur ár en málið virðist vera fast á núllpunkti. Formaður meistaraflokksráðs er orðinn langþreyttur á aðgerðaleysi.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Ef ég segi eins og er þá virðist ekkert vera í gangi. Það hefur í raun ekkert breyst fyrir utan að það var viljayfirlýsing undirrituð fyrr á þessu ári um að það væri vilji fyrir því að íþróttafélagið færi í byggingu á húsinu og gerði leigusamning við bæinn, sambærilegt og þekkt í Hafnarfirði,“ segir Samúel Samúelsson, formaður meistaraflokksráðs karlaíðs Vestra og meðstjórnandi knattspyrnudeildar félagsins, aðspurður út í tölvupóst sem félagið sendi á bæjarráð er varðar knattþús í bænum í vikunni.

Það eru fjögur ár liðin síðan ákveðið var að stofna nefnd um byggingu fjölnota knattþús á Ísafirði og fyrir tveimur árum síðan lagði Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, fyrir bæjarráð tilboð frá norsku verktakafyrirtæki um að hafa knattþús tilbúið fyrir árslok. Málið virðist ætla að tefjast í stjórnsýslunni en Samúel gerir sér grein fyrir því að það sé ekki auðvelt að fá þetta í gegn.

„Staðan er náttúrlega þannig að við vitum að við fáum ekki óútfylltan tækka til að byggja knattþús. Ísafjarðarbær þarf að samþykkja að hefja framkvæmdir þegar kostnaður liggur fyrir og það hefur ekkert komið út úr þessum viðræðum enn þá. Maður heyrir af því að þeim þyki þetta fulldyrt. Það sem við lögðum fyrir þau eru 600 til 650 milljónir,“ segir Samúel en til samanburðar var Garðabær að leggja lokahönd á knattþús sem kostaði rúmlega fjóra milljarða.

Hann viðurkennir að vera orðinn langþreyttur á aðstöðuleysi.

„Það er búið að tala um þetta lengi en þetta er búið að vera á borði sveitarfélagsins í fjögur til fimm ár. Staðan er sú að það er ekki einu sinni þannig að meistaraflokkur karla fái tíma innanhúss yfir vetrartímamann. Vestri var með félag í efstu deild í körfubolta og blaki og næstefstu deild handboltans þannig það fékkst enginn æfingatími. Börnin eru að fá tvær æfingar á viku yfir



Frá æfingu á gervigrasinu á Ísafirði. Vestramenn vilja byggja knattþús yfir sem myndi nýtast betur yfir vetrartímamann og stórbæta aðstöðu knattspyrnudeildarinnar. MYND/VILMUNDUR HANSEN



Eftirspurnin eftir knattþúsi er gríðarleg og þetta yrði algjör bylting fyrir okkur. Það er engin leið fyrir okkur að stunda knattspyrnu utanhúss að vetri til og þetta myndi stórbæta aðstöðu okkar íþróttafólks.

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, í samtali við Fréttablaðið árið 2020

vetrartímamann á meðan meistaraflokkur kom fyrst saman til æfinga 1. apríl á Spáni. Við æfðum í fyrsta skiptið saman hérna á slöku gervi-grasi á skírdag og það er enn talsvert í að grasið verði klárt,“ segir Samúel ómyrkur í máli og heldur áfram:

„Ef að það kæmi hérna knattþús

myndu losna æfingatímar fyrir aðrar deildir. Handboltaliðið er komið í efstu deild, blakliðið keppir í efstu deild og körfuboltaliðið var að keppa í efstu deild. Körfuboltaliðið var í vandræðum með að finna æfingatíma í vetur og var að æfa víða en það kæmu fleiri tímar inn með þessu.“

Samúel segir að það sé erfitt að bíða eftir samstöðu um málið.

„Þetta er engan veginn boðlegt. Það virðist engin samstaða vera um þetta mál, mér er alveg sama hvað fólk segir. Ég skil ekki þessa hræðslu við að taka ákvarðanir. Það þorir enginn að taka þessa ákvörðun. Ég er tilbúinn að borga sjálfur fyrir stytta af einstaklingnum sem kemur þessu máli í gegn,“ segir Samúel, sem segist vita að fólk sé farið að hugsa sér til hreyfings vegna aðstöðuleysis.

„Fólk í kringum deildina er farið að hugsa sér til hreyfings, því það nennir enginn þessu til langs tíma. Ég byrjaði í störfum fyrir knattspyrnudeildina 2007 eða 2008 og við erum með rötgróið Lengjudeildarlið sem stefnir hátt en aðstaðan er enn sú sama. Það var góður maður sem sagði við mig að það væri ekki hægt að ná betri árangri fyrr en það væri komin betri aðstaða og það er alveg dagsatt.“ ■



Aðalvöllur Vestra verður ekki tilbúinn á næstunni.

MYND/ADSEND

Tryggvi heldur áfram að bæta met hjá Zaragoza

kristinnpall@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Bárðdælingurinn Tryggvi Snær Hlinason heldur áfram að skrifa nafn sitt í sögu-bækur spænska körfuboltaliðsins Zaragoza, en um helgina bætti hann metið yfir flestar troðslur í sögu félagsins með 122. troðslu sinni fyrir spænska félagið. Með því bætti hann fimm ára gamalt met Hollendingans Henk Norel og náði því á þriðja tímabili sínu í herbúðum Zaragoza en Norel var fimm ár að setja metið. Tryggvi var áður búinn að bæta metið yfir flest varin skot í sögu Zaragoza. „Þetta er annað metið á eftir vörðum skotum. Auðvitað er maður stoltur af því að ná slíkum metum og vill halda því áfram, en á sama tíma velti ég mér ekki upp úr einstaklingsafrekum,“ sagði Tryggvi

í samtali við heimasíðu Zaragoza í vikunni.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari Njarðvíkur, sem gaf Tryggva eldskírni í efstu deild á Íslandi með Þór frá Akureyri, segir að þetta sé enn ein rós í hnappagat Tryggva undanfarin ár. „Algjörlega. Hann er orðinn leikmaður í fremsta gæðaflokki og það er ekki amalegt að ná þessu. Það hafa margir frambærilegir leikmenn spilað þarna og margir lengur en hann, sem setur þetta í ákveðið samhengi.“

Miðherjastáðan, þar sem Tryggvi nýtir alla 2,16 metra hæð sína, á undir högg að sækja í alþjóðlegum körfubolta en Bárðdælingurinn lætur það ekki stoppa sig. Hann var á heimsmeðalvarða þegar Ísland vann óvæntan sigur á Ítölum á dögnum þar sem hann var með 34 stig, 21 frákast og fimm varin skot. „Hann er tegund af leikmanni



Tryggvi Snær í kunnuglegri stellingu í búningi Zaragoza, að troða boltanum í netið. Hann bætti fimm ára gamalt met um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

sem er ekki í mikilli tísku í dag en kemst að í spænsku deildinni og kemst í mikilvægt hlutverk þar. Ef hann hefði verið uppi nokkrum áratugum fyrr þegar þessir leikmenn voru mjög eftirsóknarverðir væri hann í enn betri málum,“ segir Benedikt léttur í lund.

Tryggvi skrifaði undir eins árs framlengingu við Zaragoza í fyrra og er samningsbundinn félaginu fram á næsta ár. Benedikt segist ekki þekkja til þess að félög væru að spyrja fyrir en það kæmi honum ekki á óvart.

„Það verður alltaf eftirspurn eftir leikmönnum eins og honum, sem hafa ákveðna hæfileika. Ég þekki ekki til þess með áhuga annarra liða, Jón Arnór er umboðsmaður Tryggva í dag en ég tel að hann verði örugglega með einhverja möguleika í sumar.“ ■



Takk, kæri Velunnari



Krabbameinsfélagið lætur sig allt varða þegar krabbamein eru annars vegar og sinnir öflugri hagsmunagæslu, rannsóknum, ráðgjöf og stuðningi, fræðslu og forvörnum. Með Velunnurum vinnum við alla daga að enn meiri framförum. Að koma í veg fyrir krabbamein, fækka þeim sem deyja af völdum krabbameina og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra. Með stuðningi Velunnara Krabbameinsfélagsins þarf enginn að vera einn með krabbamein.

Með þér getum við gert svo ótalmargt.



Krabbameinsfélagið

krabb.is/velunnari



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Eggert Thorberg Kjartansson
múrari,
frá Fremri-Langey,

lést á taugalækningadeild Landspítalans í Fossvogi 17. apríl síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík á morgun, föstudaginn 29. apríl kl. 11.

Hólmfríður Gísladóttir
Kjartan Eggertsson **Svanhvit Sigurðardóttir**
Eggert Eggertsson **Þyri Valdimarsdóttir**
Gíslí Karel Eggertsson **Anna Sigríður Þráinsdóttir**
Snorri Pétur Eggertsson **Svava María Þórðardóttir**
Lilja Eggertsdóttir **Guðlaugur Ingi Harðarson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Unnar Ólafsdóttir

til heimilis að Hrafnistu Laugarási, áður Efstasundi 58, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu fyrir umhyggju og hlýhug.

Jóhann Jakobsson
Þórlaug Ragnarsdóttir **Þorvarður Gunnarsson**
Kristín Ragnarsdóttir **Lárus Kristinn Jónsson**
Garðar Örn, Gíssur Páll, Gunnar, Ragnar, Jóhann, Sverrir, Unnur, Karen, Andrea Kristín og barnabarnabörn.



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,
Ásdís Guðbjörg Konráðsdóttir
Linnetstíg 2, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu, sunnudaginn 24. apríl.

Útför Ásdísar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 25. maí kl. 13.00.

Sólveig Kristjánsdóttir **Finnur Óskarsson**
Sigríður Kristjánsdóttir **Björn Kristján Svavarsson**
Kristján Rúnar Kristjánsson **Katrín Sveinsdóttir**
Stella Ásdísar Kristjánsdóttir **Ulla Rolfsigne Pedersen**
Ragnar Frank Kristjánsson **Svavar Svavarsson**
barnabörn og makar og langömmubörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Klara Guðmundsdóttir
áður til heimilis að Hverfisgötu 45, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hraunvangi sunnudaginn 10. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Alzheimersamtökin.

Sturla Haraldsson **Anna Ólafsdóttir**
Guðmundur Haraldsson **Rannveig Jónsdóttir**
Hildur Haraldsdóttir **Ingvar Ásgeirsson**
Ingimar Haraldsson **Bjarnfríður Ósk Sigurðardóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,
Hákon Valdimarsson
byggingarfulltrúi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 19. apríl.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 2. maí kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Guðlaug Katrín Hákonardóttir **Daði Baldur Ottósson**
Daði Mikael Daðason
Hugi Fannar Daðason



Utan vinnu leikur Guðrún Hulda á kontrabassa og ræktar ætigarð heima í Hveragerði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ritstjórastaðan er risastór áskorun

Guðrún Hulda Pálsdóttir tekur við stöðu ritstjóra Bændablaðsins í sumar. Hún sér ekki fram á stórtækar breytingar en vill gera gott blað enn betra.

sem Hörður hefur unnið á undanförunum árum.“

Ferskur andblær

Bændablaðið kemur út hálfsmánadlega í prentformi og er upplagið að jafnaði 32.000 eintök auk þess sem miðillinn heldur úti vefsíðunni bbl.is. Guðrún Hulda segir stöðu blaðsins sterka og hafandi staðið að útgáfunni undanfarin ár tali hún ekki fyrir róttækum breytingum á miðlinum.

„Áfram á hlutverk Bændablaðsins að vera miðlun upplýsandi fregna af landbúnaði og fjölbreyttum málefnum honum tengdum á skýran og heildarlegan hátt, miðla faglegum upplýsingum auk þess að vera vettvangur áhugaverðra skoðanaskipta,“ segir hún en bætir við að þó séu tækifæri til að gera blaðið enn betra. „Með nýju fólki kemur nýr andblær og við erum núna að falast eftir liðsauka í hópinn okkar sem við viljum að geti sett sitt mark á blaðið.“

arnartomas@frettabladid.is

Bændablaðið stendur frammi fyrir ritstjóraskiptum þann 1. júní næstkomandi þegar Guðrún Hulda Pálsdóttir tekur við af Herði Kristjánsyni. Hún er miðlinum vel kunnug, hafandi sinnt margvíslegum störfum á Bændablaðinu síðastliðin sjö ár.

„Þetta er risastór áskorun en leggst vel í mig. Ég tek við blómlegu búi af Herði Kristjánsyni, fráfarandi ritstjóra, því blaðið er stöndugt og stöðugt,“ segir Guðrún Hulda, sem telur að það hljóti að heyra til undantekninga að landbúnaðarmiðaður prentmiðill sé meðal þeirra stærstu hjá einni þjóð. „Það segir mikið um það ótrúlega starf

”

Þetta er risastór áskorun en leggst vel í mig.

Stolist í útilegu

Guðrún Hulda er búsett í Hveragerði þar sem hún ræktar ætigarð sem hún elskar að dunda sér við þegar hún er ekki að vinna. Í hjáverkum spilar hún á kontrabassa og er þessa dagana að vinna í plötu með Bergþóru Einarsdóttur, ljóðskáldi og rappara, sem von er á síðar á árinu.

Þótt hún sjái ekki fram á langt sumarfrí vonast Guðrún Hulda þó eftir að geta laumast í útilegu með Eyvindi Páli, syni sínum. „Við vitum fátt skemmtilegra en að galgopast eitthvað í tímaleysi og leika okkur úti,“ segir hún. ■



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi og afi,
Haukur Margeirsson
verkfræðingur,

lést á Landspítalanum föstudaginn 22. apríl. Útför fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 29. apríl klukkan 13.00.

Jón Baldur Hauksson **Parastou Roshan**
Sandra Hauksdóttir **Sigurisli Bjarnason**
Helga Hauksdóttir **Sigurður Davíð Stefánsson**
Ásta Ragnheiður Hauksdóttir
barnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Andrés Sigurðsson
húsasmiður,
Álalind 14,
áður Hrauntungu 49, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 17. apríl. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 4. maí kl. 13.00.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild A2, Landspítalanum í Fossvogi. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög. Streymt verður frá útförinni á streyma.is.

Jensina Þórarinsdóttir
Þórarinn Hólm Andrésson **Rósa Bergmann Jónsdóttir**
Sigríður Andrésdóttir
Linda Andrésdóttir **Hafsteinn Björgvinsson**
Þorsteinn Andrésson **Naluemón Seesán**
Sindri B. Þórarinsson **Pálína G. Sigurðardóttir**
Andri Franklín Þórarinsson **Anna Berta Geirsdóttir**
Gíga Rós Þórarinsdóttir **Sigurður Stefán Haraldsson**
Harpa Marín Þórarinsdóttir **Páll Steinar Sigurbjörnsson**
Sandra Westerdahl **Christoffer Westerdahl**
Kristín Hafsteinsdóttir **Fríðjón Pálsson**
Hólmfríður Hafsteinsdóttir
og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, afi og langafi,
Árni Jón Árnason
húsgagnasmiðameistari,
Sléttuvegi 31,

lést miðvikudaginn 13. apríl á hjúkunarheimili Hrafnistu við Sléttuveg. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 29. apríl kl. 14.

Edda Þorsteinsdóttir
Árni Jón Árnason **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
Þorsteinn Árnason **Guðni Gunnarsson**
Erna S. Árnadóttir **Guðni Gunnarsson**
barnabörn og langafabörn.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Hólmfríðar Árnadóttir

prófessors emeritus og myndlistarmanns, Hvassaleiti 40, Reykjavík.

Brjann Árni Bjarnason
Bolli Bjarnason
Gunnlaugur Bollason
Unnur H. Brjánsdóttir
Elva Bergþóra Brjánsdóttir
Fannar Bollason
Fjalar Bollason

Steinunn Gunnlaugsdóttir
Ellen Flosadóttir
Unnur Þorgeirsdóttir
Gauti Þormósson
Dagur Hilmarsson
og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FAGKEPPNI MEISTARAFÉLAGS KJÖTIÐNAÐARMANNA Í MARS 2022

21 GULLVERÐLAUN TIL SS



Fagmenn SS stóðu sig með einstakri þrýði í fagkeppninni í ár, enda ríkir í fyrirtækinu mjög metnaðarfullur andi til að þróa, prófa og framleiða framúrskarandi matvörur. 21 verðlaun komu í hlut kjötíðnaðarmanna frá SS.

Við hjá SS óskum okkar frábæru fagmönnum hjartanlega til hamingju með árangurinn. Þeir hlutu m.a. verðlaun búgreina fyrir lambakjöt, nautakjöt og alifuglakjöt, auk sérverðlauna í flokknum kæfur og paté.

Athyglisverðasta nýjung keppinnar og jafnframt besta vara úr lambakjöti sem hlýtur Lambaorðuna:

Hangikæfa með uppstúf

Bjarki Freyr Sigurjónsson, SS

Besta varan í flokknum kæfur og paté:

Súkkulaðikæfa með jarðarberjahlaupi

Steinar Þórarinnsson, SS

Besta varan úr alifuglakjöti:

Konfektkæfa

Jónas Pálmar Björnsson, SS

Besta varan úr nautakjöti:

Sælkeranaut, pipargrafið nautafíle

Steinar Þórarinnsson, SS

—
Eftirtalin verðlaun féllu fagmönnum SS í skaut:

—
Bjarki Freyr Sigurjónsson frá SS:

Fimm gull, þrjú silfur og tvö brons

—
Jónas Pálmar Björnsson frá SS:

Fimm gull, eitt silfur og eitt brons

Steinar Þórarinnsson frá SS:

Fimm gull og eitt brons

—
Jón Sigurðsson frá SS:

Eitt gull, þrjú silfur og þrjú brons

—
Benedikt Benediktsson frá SS:

Eitt gull

—
Hermann Bjarki Rúnarsson frá SS:

Tvö gull, eitt silfur og tvö brons

—
Oddur Árnason frá SS:

Tvö gull og eitt brons



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál - Sigurður L. Hall Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Víkurfréttir Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Pressan Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 20.30 Fréttavaktin (e) Farið yfir fréttir dagsins.
- 21.00 Mannamál (e)

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Black-ish
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Single Parents
- 19.40 Superstore
- 20.10 MakeUp
- 20.45 Ræktum garðinn Ræktum garðinn er þáttaröð um flest allt það sem tengist gördum og gróðri á Íslandi.
- 21.00 9-1-1
- 21.50 NCIS. Hawaii
- 22.35 Love Island Australia
- 23.35 The Late Late Show
- 00.20 Berlin Station
- 01.15 Law and Order. Special Victims Unit
- 02.00 Billions
- 03.00 Dexter. New Blood
- 04.00 Tónlist

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011 Hafnarfjörður - Norðurbíng.
- 14.30 Bækur og staðir Rauðisandur.
- 14.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
- 15.50 Átök í uppeldinu
- 16.30 Landinn
- 17.00 Skólahreysti Bein útsending frá keppni í Skólahreysti.
- 18.00 Landakort Tekst á við Parkinsonsjúkdóminn með saumaskap.
- 18.05 KrakkaRÚV
- 18.06 Óargadýr
- 18.34 Lúkas í mörgum myndum
- 18.41 Matargat
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Skólahreysti Bein útsending frá keppni í Skólahreysti.
- 21.05 Synd og skömm It's a Sin Bresk leikin þáttaröð um unga samkynhneigða menn sem flytjast til Lundúna í byrjun níunda áratugarins og mynda venskap. Fljótlega byrjar alnæmisfaraldurinn að gera vart við sig og hefur áhrif á líf þeirra allra næsta áratuginn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
- 23.00 Vitjanir Ekkert mál
- 23.45 Babýlon Berlín
- 00.35 Dagskrárlök

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.25 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Masterchef USA
- 10.05 Shriill
- 10.30 Í eldhúsi Evu
- 11.00 Mom
- 11.20 Tveir á teini
- 11.50 30 Rock
- 12.15 30 Rock
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Suits
- 13.40 Fresh off the Boat
- 14.00 Shipwrecked
- 14.50 The Heart Guy
- 15.40 Wipeout
- 16.20 Eldhúsið hans Eypórs
- 16.50 Making It
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Aðalpersónur
- 19.30 The Cabins
- 20.20 Girls5eva
- 20.50 NCIS. New Orleans
- 21.30 The Blacklist
- 22.15 Real Time With Bill Maher
- 23.10 Barry
- 23.45 Grantchester
- 00.35 Shetland
- 01.30 The O.C.
- 02.15 Masterchef USA
- 02.55 Shriill
- 03.20 Mom
- 03.40 Shipwrecked

Siggi Hall tekur sjálfan sig til kostanna

Einn dáðasti og frægasti matreiðslumeistari landsmanna, Siggi Hall, er gestur Sigmundar Ernís í Mannamáli á Hringbraut í kvöld. Óhætt er að segja að Siggi fari þar á kostum í lýsingum sínum á uppkomum lífsins, svo sem þegar hann sigldi á ísjaka á Brúarfossi og komst að matreiðsluhæfileikum sínum á Hótel Sögu, veifaði vINGlÖsunum í fyrstu kokkabáttunum í sjónvarpi og stóð fyrir veislum í Washington.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hlaða
- 5 tré
- 6 átt
- 8 slitna
- 10 öró
- 11 sauðagarnir
- 12 búíð
- 13 þegn
- 15 sía
- 17 önytjungur

LÖÐRÉTT

- 1 nennuleysi
- 2 þolinmæði
- 3 reyndar
- 4 umstang
- 7 vinnuvél
- 9 heimóttarlegur
- 12 bunga
- 14 strit
- 16 stafur

LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 ny, 8 trosna, 10 íð, 11 vil, 12 gert, 13 íbú, 15 filteir, 17 slóði.
LÖÐRÉTT: 1 leitir, 2 eirð, 3 sko, 4 annir, 7 valtar, 9 sveit, 12 gull, 14 bis, 16 eð.

Sudoku

9		3	7					1
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9							2
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

		7					2	
9	6	8					3	
			5	7	9	1		
		3	2				5	
	1	6			5		7	
			4				6	
				9	8	6		
			7		1			
4								1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og löðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

SUMARGRILL

Sérblað Fréttablaðsins um sumargrill kemur út 5. maí nk. Allt sem hugsast getur varðandi grillið í sumar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir: Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



Smart modular Einbýli - 108m²



Einstaklega vönduð einbýlishús sem afhendast tilbúin og uppsett á lóð kaupanda - sökull reiknast sér.

- Gólfhiti og hægt að tengja við hitaveitu
- Allar lagnir eru til staðar
- Allar raflagnir eru til staðar
- Vatnsgólfhiti er í öllum rýmum
- Öll ljós tenglar og rofar eru til staðar
- Allir gluggar hurðir og innihurðir eru til staðar
- Eldhús afhendist fullbúið með vandaðri innréttingu með eyju
- Einangruð gólf eru í húsunum og engin þörf á að steypa botnplötu
- Grind allann hringinn er 8 tommu
- Húsin eru einangruð með steinull
- 200 í útveggjum - 250mm í loftum og gólfum
- Falinn þakhalli - hæsti punktur 3.5 metrar

Kynningarverð 29.900.000



Smart modular á Íslandi

Klettatröð 2 | 235 Reykjanesbær | S. 7839211 | info@icesmartmodular.net



Gengið á fjallaskiðum upp Hafnarskarð úr Veidileysufirði.

MYNDIR/ÓMB

Fjörður án fiska



Tómas Guðbjartsson
hjartaskurð-
læknir og náttúru-
unnandi

Úr norðanverðu Ísafjarðardjúpi ganga fimm firðir sem kallast Jökulfirðir og er Hesteyrarfjörður þeirra vestastur, Leirufjörður syðstur, Hrafnarfjörður austastur og síðan víta Lónafjörður og Veidileysufjörður í norður á milli Hesteyrar- og Hrafnarfjarðar. Stærstur þessara fimm fjarða er hömrum girtur Veidileysufjörður, 8 km langur og 2 km breiður. Nafnið gefur til kynna að þarna hafi ekki verið fengsæl fiskimið en auk þess var búskapur erfiður, enda undirlendi mjög takmarkað og vetrarhörkur miklar. Þarna voru bátar gjarnan notaðir til samgangna, enda langt í næstu bæi landleiðina og um há fjallaskörð að fara. Á bænum Steig var þó búið fram til 1927 og má enn sjá rústir gamla bæjarins. Skammt frá, á nesinu milli Veidileysu- og Lónafjarðar, er mun stærra býli, Kvíar, þar sem enn stendur myndarlegt steinhús sem gert hefur verið upp af ferðaþjónustuaðilum á Ísafirði. Þar er gistiðstaða en flestir gista þó í tjaldi fyrir botni Veidileysufjarðar, nánar tiltekið við Meleyri þar sem um sex ára skeið var rekin norsk hvalstöð fram til ársins 1903.



Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og
ljósmyndari

Flestir koma í Veidileysufjörð til að hefja eða enda gönguferð með allt á bakinu um Hornstrandir, enda liggur fjörðurinn miðsvæðis og yfir hásumarið boðið upp á áætlunarferðir frá Ísafirði og Bolungarvík. Þarna kemst fólk gangandi yfir í Hornvík og er þá farið yfir rúmlega 500 m hátt Hafnarskarð. Þótt forn gönguleiðin sé víða vel sjáanleg og vörðuð er skynsamlegt að hafa með í för GPS-leiðsögutæki, enda þokugjarnt á Hornströndum. Efst úr skarðinu er frábært útsýni yfir í Hornvík en einnig aðra hluta Hornstranda og Jökulfjarða. Önnur forn gönguleið liggur vestan Lónhorns um Hlöðuvíkurskarð í Hlöðuvík, og enn önnur frá Steinholtstöðum yfir í Hesteyrarfjörð. Loks má ganga frá Steig um Kvíardal að Kvíum og þaðan áfram í Lónafjörð, en botn hans er einn afskekktasti staður á Íslandi. Allar þessar gönguleiðir eru frábærar fjallaskiðaleiðir á vorin, enda einstakt að geta skíðað úr einum firði yfir í annan.

Í Veidileysufirði eru mörg skemmtileg örnefni eins og fjallið Tafla, býlið Steig sem áður var nefnt, Líkaklettur, þar sem sagan segir að 18 menn hafi orðið úti, og Marðareyri sem kennd er við Mörd, göldróttan bónda sem getið er í þjóðsögum. Það er þó kyrrðin og óspillt náttúra sem eru aðalsmerki Veidileysufjarðar, og erfitt að sjá fyrir sér að í firðinum hafi verið rekin verksmiðja. Þarna á fiskeldi heldur ekki heima, enda þótt girug norsk fyrirtæki ásælist Veidileysufjörð og Jökulfirði, eyðifjörð sem áfram vill fá að standa undir nafni. ■



Horft yfir Hornvík frá Hafnarskarði en í fjarska sést í hluta Kálfatinda.



Snævíðin fjöll spegla sig í sléttum Veidileysufirði á fallegum vordegi.

Full búð af reiðhjólum

Evrópuverð



Head E Revelo I Herra og dömu
Rafhjól. Shimano STEPS E5000 mótör
299.995,-



Head E I-peak RM Herra og dömu
Rafhjól. Bafang mótör
219.995,-



Head Granby E5000 Herra og dömu
Rafhjól. Shimano Steps E5000 mótör
329.995,-



Head E Trivor Herra og dömu
Rafhjól. Bafang mótör
299.995,-



Head I-Peak I Herra og dömu
Hybrid. S-Ride 3x8 gíra
75.995,-



Head Troy II
Fjallahjól. S-Ride 2x8 gíra
74.995,-



Head Ridott I 20"
Barnahjól 7 gíra
44.995,-



Head X-Rubi Cross
Hybrid. Shimano Deore 3x10 gíra
97.995,-

Kíktu á úrvalið á everest.is



Everest

Opnun sýningar um Guðrúnu frá Lundi

tsh@frettabladid.is

Í dag verður opnuð sýningin Kona á skjön um rithöfundinn Guðrúnu frá Lundi í Hljóðbókasafni Íslands í Kópavogi í tilefni 40 ára afmælis stofnunarinnar. Samhlíða opnuninni heldur forstöðumaður Hljóðbókasafnsins, Marín Guðrún Hrafnadóttir, fyrirlestur um höfundinn en hún er langömmubarn Guðrúnar frá Lundi.

Höfundar sýningarinnar eru Marín Guðrún og Kristín Sigurrós Einarsdóttir, skjalavörður og svæðisleiðsögumaður.

Guðrún frá Lundi er nú einn dæðasti rithöfundur íslenskrar bókmenntasögu þrátt fyrir að bækur hennar hafi ekki alltaf átt upp á pallborðið á meðan hún lifði. Í lýsingu á viðburðinum segir:

„Rithöfundarferill Guðrúnar frá Lundi er sannkallað ævintýri í íslenskrar bókmenntasögu. Óþekkt kona norðan úr Skagafirði verður metsölühöfundur nánast yfir nótt og bækurnar tróna á toppi vinsældalista í áratugi. Hún er orðin 59 ára þegar fyrsta skáldsagan kemur út, eftir það skrifar hún 27 bækur í 11 skáldverkum.“

Sýningin um Guðrúnu frá Lundi hefur farið víða um landið og



Guðrún frá Lundi árið 1970.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

er Kópavogur níundi sýningarstaðurinn. Að þessu sinni verður sýningunni hljóðlýst fyrir blinda og sjónskerta og sér hljóðbókalesarinn Þórunn Hjartardóttir um að sjónlýsa sýningarspjöldunum. Sýningin verður opin út maimánuð á opnunartíma Hljóðbókasafnsins.

Viðburðurinn hefst klukkan 14.30 og er aðgangur ókeypis. Kaffi og kleinur verða í boði eftir fyrirlesturinn. ■



Söngvararnir í nemendaóperunni Teboðið eru allir nemendur á framhalds- og háskólastigi við Söngskólann í Reykjavík.

MYND/AÐSEND

Teboð nemendaóperu Söngskólans í Reykjavík

tsh@frettabladid.is

Nemendur Söngskólans í Reykjavík flytja nemendaóperuna Teboðið í kvöld sem samanstendur af spennandi enum úr ýmsum þekktum söngleikjum og óperum. Leikstjóri sýningarinnar er sviðslistakonan Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og tónlistarstjóri er Hrönn Þráinsdóttir.

„Tjaldið er dregið frá og við erum stödd í barnaherbergi hjá þeim Yum-Yum, Peep-Bo og Pitti-Sing, sem eru persónur í óperunni Mikado eftir Gilbert og Sullivan. Þær hafa boðið nokkrum af brúðunum sínum til teboðs. Í boðið mætir svo hver gesturinn á fætur öðrum, allt persónur úr mismunandi óperum eða söngleikjum, svo sem Sophie og Octavian úr Rósarríddaranum eftir Richard Strauss, Porgy og Bess úr samnefndri óperu eftir George Gershwin, Súsanna og Greifafrúin úr Brúðkaupi Fígarós eftir W.A. Mozart svo eitthvað sé

”

Tjaldið er dregið frá og við erum stödd í barnaherbergi hjá þeim Yum-Yum, Peep-Bo og Pitti-Sing, sem eru persónur í óperunni Mikado eftir Gilbert og Sullivan.

nefnt,“ segir í tilkynningu frá Söngskólannum.

Sýningin fer fram í Vídalínskirkju klukkan 20.00 og er enginn aðgangseyrir. Söngvararnir eru allir nemendur á framhalds- og háskólastigi við Söngskólann í Reykjavík. ■



Þórdís Erla Zoëga sýnir verk sín í Listasafni Árnesinga í Hveragerði og á Listasafninu á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leikur forms, lita og skugga

Þórdís Erla Zoëga sýnir verk sín í Listasafni Árnesinga og Listasafninu á Akureyri.

Kolbrún Bergþórsdóttir


Sýning Þórdísar í Listasafni Árnesinga hefur yfirskriftina Hringrás/Routine og er innsetning í Sal 2. „Þetta er dimmur millisalur sem býður upp á skemmtilega möguleika til að spila með ljós og skugga,“ segir Þórdís Erla. „Þegar maður kemur inn í salinn sér sýningar-gesturinn vörpun af hring að snúast rangsælis á stórri strimlagarðinu sem hangir í miðju rýmisins. Þegar nánar er lítið leynist þar skulptúr unninn úr hringlaga akrýlgleri með litbreytifilmi sem snýst um sjálfan sig í mót og breytir um lit í snúningnum. Endurvarpið af hringnum ferðast um rýmið og minnir á eins konar sól. Til verður leikur forms, lita og skugga.“

Þarna er ég bæði að hugsa um sammanlegu rútinuna um allan hnött, það að opna og loka garðinum í takt við sólarganginn en einnig að hugsa um gervilyfsingu sem er alls staðar í kringum okkur. Hér áður fyrr var það sólin sem stjórnaði deginum okkar en nú eru það snjalltæki sem varpa geislum sem herma eftir dagsljósi og rugla þannig í líkamsklukkunni. Fólk stjórnast af þessum tækjum og byrjar og endar daginn á að skoða símann eða opna tölvuna.“ Í salnum eru einmitt líka ljósverk unnin úr akrýlgleri og litbreytifilmi sem minna á skjái.

Eitraðar hendur

Þórdís Erla sýnir the Connection series á samsýningunni Nánd/Embrace í Listasafninu á Akureyri en þar eru þátttakendur auk hennar Birgir Snæbjörn Birgisson, Emil Holmer, Heidi Lampenius, Onya McCausland og Miikka Vaskola undir sýningarstjórn Mika Hannula.

„Þarna er ég að vinna með sama efnivið og á sýningunni í Hveragerði og var með hendur í huga. „Maður tengist fólki með höndunum en í Covid urðu hendur það forboðna, nánast eittraðar. Verkin á sýningunni eru unnin í ýmsa miðla en það sem tengir þau er viðleitnin til að tengjast. Það eru mottur á gólfinu, gerðar úr vínylefni með áprentuðum höndum sem togast í áttina að hvor annarri, hálfgegnar spegill þar sem áhorfandinn getur sameinað spegilmynd sína öðrum gestum og fræst plexíglerverk með eins konar tengingaleiðbeiningum unnin úr einhvers konar táknmáli. Ég sýni líka málverk þar sem ég



Frá sýningunni Embrace í Listasafninu á Akureyri.

MYND/AÐSEND



Hringrás á sýningunni í Listasafni Árnesinga.

MYND/AÐSEND.

”

Öll verkin snúast um tengingar sem eru misauðveldar og miserfiðar.

nota blönduð efni, eins og lakk og spreng á holografískt efni og myndmálið minnir á skjái og fagurfræði internetsins. Öll verkin snúast um tengingar sem eru misauðveldar og miserfiðar.“

Sýningin í Listasafni Árnesinga stendur til 22. maí og sýningin í Listasafninu á Akureyri stendur einnig til 22. maí.

Vinnur veggverk

Þórdís Erla var nýlega valin bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar og vinnur nú að veggverki fyrir bæinn. Hún hefur sýnt verk í Amsterdam, Stokkhólm, Berlín, Basel, Tékklandi og víðar. Hér á landi hefur hún unnið verk fyrir Listahátíð í Reykjavík, Gerðarsafn, Íslenska dansflokkinn, Konsúlat Hótel, Canopy Hilton hótél og sýnt í D-sal Hafnarhússins. ■

Miklu meira en bara ódýrt



Loftpressur mikið úrval



frá 3.995



Viðgerðarkollur 9.995



Viðgerðarbretti 9.995



19.999



4.795



44.995

Vélagálgi 2T



14.995

Vélastandur 500kg



AirBrush loftdæla 19.995



1.995

Burstar í borvél



12.999

6T Búkkar 605mm Par



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A



Flugnanet margar gerðir

frá 9.999



Mikið úrval af verkfæratöskum frá 795



Háprýstidælur

7.995 1/2 Toppasett



Jarðskrúfa 785



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrall-lyklar 8-17



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle 6.985

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ranamyndavél 15.995



Bón og bílavörur í miklu úrvali



Verðmæta-skápar frá 4.995



Fötur og balar í miklu úrvali



Lyklabox í miklu úrvali

Bensínbrúsar 5/10/20L Plast/Stál



Barnaverkfærasett 2.985



frá 995

Límbyssur



Verkfærasett 4.995

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Pennslasett 10 stk. 999



Fjölsög Höffttech 5.999

Stigar og tröppur í úrvali



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13 mm



19.995

Metabo KS216 bútsög



SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

Hipsumhafs á Þjóðhátíð í fyrsta sinn

ninarichter@frettabladid.is

Sala á Þjóðhátíð í Eyjum hefst á Tix.is klukkan 9 í dag. Fram koma Briet, Bubbi Morthens, Emmsjé Gauti, Reykjavíkurdætur og Flott, auk hljómsveitarinnar Hipsumhafs sem spilar á hátíðinni í fyrsta sinn.



Fannar Ingi Friðjónsson, meðlimur sveitarinnar, segist hafa sótt hátíðina í fyrsta sinn árið 2013. „Áður en ég fór fyrst hafði ég ekki miklar mætur á þessari hátíð. Einfaldlega vegna þess að ég var svo mikill Innipúkamaður um verslunarmannahelgina,“ segir Fannar og vísar í tónlistarhátíðina Innipúkann sem haldin er í miðborg Reykjavíkur. „Svo ákváðum við félagarnir að skella okkur árið 2013 og þá fór ég í fyrsta sinn. Síðan þá hef ég dýrkað þessa hátíð.“

Fannar Ingi segist hafa verið svolítið feiminn og hræddur við dalinn,

og of mikil þjattrófa til að vera í tjaldi. „En þegar maður kynnist þessu er þetta bara snilld út í gegn og okkur finnst langbest að tjalda í dalnum, fyrir aftan Rauðu mylluna,“ segir hann.

Að sögn Fannars Inga er spilamennska á Þjóðhátíð gamall draumur. „Veturinn 2019 setti ég mér bara markmið að spila á Þjóðhátíð. Þetta er stærsta og fallegasta venue sem maður kemst í á Íslandi.“

Tónleikarnir í Vestmannaeyjum eru síðustu tónleikar sveitarinnar áður en Fannar Ingi flytur til Danmerkur. „Það er gaman að fá tækifæri til að loka sumrinu með stæl, sérstaklega eftir síðustu tvö ár,“ segir hann.

„Kærastan mín er að klára nám í markaðsfræði í Danmörku og ég ætla að njóta þess að vera með henni. En ég ætla að halda tónleika í Danmörku í vetur, það er planið.“ ■



Stilla úr kvikmyndinni Nóa albinóa eftir Dag Kára frá árinu 2003. MYND/ADSEND

Vantar nafn á nýja veitu

ninarichter@frettabladid.is

Kvikmyndamiðstöð efnir til samkeppni um nafn á nýja streymisveitu sem ætlað er að auðvelda aðgengi að íslenskum kvikmyndum, sem hefur verið torvelt að nálgast eftir að streymisnotkun velti DVD-diskum úr sessi.

„Veitan á að vera aðgengileg héraðs og erlendis og okkur fannst sniðugt að efna til nafnasamkeppni, þar sem verið er að miðla menningararfi okkar allra,“ segir Guðrún Helga Jónasdóttir, verkefnastjóri hjá Kvikmyndamiðstöð.




Tillögur skal senda á netfangið icelandicfilmcenter@gmail.com fyrir 1. maí. Tveggja manna dóm-

nefnd fer yfir tillögurnar. Hana skipa Styrmir Sigurðsson kvikmyndagerðarmaður og Ari Páll Kristinsson hjá Árnastofnun. Guðrún Helga segir skipuleggjendur verkefnisins telja mikilvægt að dómnefndin sé skipuð sérfræðingi úr faginu auk sérfræðings í tungumálinu.

Aðspurð hvernig góð tillaga líti út, svarar hún að gott nafn gangi á ensku og íslensku og vísi til þess sem veitan standi fyrir.

Í gær voru hundrað tillögur komnar í púkkið og segir Guðrún Helga að leyfilegt sé að senda inn fleiri en eina.

„Það er gaman að renna yfir nöfnin sem hafa komið inn, þau eru mjög fjölbreytt,“ segir hún. ■



Tvö prentverkanna með samsvarandi mynd. Efri myndir sýna barnalaug á Hellu, sem er í laginu eins og litill fótur. Fyrir neðan má sjá heitan pott Vesturbæjarlaugar sem myndar skjaldarmerki. MYNDIR/UNNAR ARI BALDVINSSON

Hollusta við hverfislaugina

Sundform er nýtt prentverk sem frumsýnt verður á HönnunarMars. Þar má sjá teikningar af öllum sundlaugum landsins í einföldum myndum, þar sem tegundir lauga eru litakóðaðar. Að sögn höfundar má líkja hollustu Íslendinga við sínar hverfislaugar við hollustu við hverfislið í fótbolta.

ninarichter@frettabladid.is

„Þegar ég byrjaði að skoða þetta tók ég eftir því að allar sundlaugar eru svipað settar upp. Ein aðalsundbraut til að synda, og í kringum þær er mismunandi hvort að séu heitir eða kaldir pottar,“ segir Unnar Ari Baldvinsson, grafískur hönnuður, myndlistarmaður og höfundur verksins. Hann segist hafa greint ákveðið kerfi um leið, og í kjölfarið séð fyrir sér verkefnið.

Fleiri en hundrað laugar

Fyrst hafi hann fengið að mynda allar laugar og safnað þeim saman. „Google-maps myndir eru ekki nógu nákvæmar,“ útskýrir hann. „Verkefnið er í rauninni teikningar, prentverk af öllum mannbyggðum sundlaugum á Íslandi.“ Unnar Ari tekur þá fram að hann skoði ekki gömlu hlöðnu laugar, Bláa lónið eða Secret-lagoon. Þó gæti það verið skemmtilegt framhald á einhverjum tímamarki. Hann ætla að 106 sundlaugar séu á landinu sem stendur. „Það er verið að efna til hönnunarsamkeppni til að byggja nýja laug í Fossvoginum,“ segir hann, þannig að ljóst er að talan á eftir að hækka á næstu misserum.

Sundlaugar sem almenningsgarðar

Unnar Ari segir teikningarnar mjög einfaldar. „Ég er bara að skoða fletina sem eru með vatni. Ég er ekki að teikna innilaugar eða rennibrautir

eða gufuklefana,“ segir hann.

„Konseptið er að sundlaugar eru eins og almenningsgarðar. Ég er að skoða plássíð milli heitu pottanna og laugarinnar og sjá hvernig þessu er ráðað upp.“

Aðspurður hvað hafi komið mest á óvart í ferlinu segir hann að fjöldi lauga hafi verið sláandi. „Það er ein laug á hverja 3.200 Íslendinga,“ segir hann. „Svo er líka það sem gerist þegar maður byrjar að safna þessu saman, maður sér hvað sundlaugar eru byggðar á mismunandi stöðum.“ Til útskýringar séu sundlaugar á landsbyggðinni gjarnan byggðar þar sem finna megi heitt vatn.

Að sögn Unnars Ara eru sundlaugar almenningsgarðar Íslendinga. „Frá landnámsöld hafa Íslendingar verið góðir í að nýta heita vatnið. Grafa holu til að safna saman affalli af heitum læk, til dæmis.“

Hollusta við sína laug

Eftirlætissundlaug Unnars Ara er Seltjarnarlauslag. „Ég er alinn upp á Nesinu og fór í skólasund og lærði að synda á Seltjarnarnesi. Eftir að ég eignaðist börn þá varð ég hrifinn af sundlauginni í Þorlákshöfn,“ segir hann en tekur fram að hann hafi ekki teiknað þá laug í þessu verkefni, í þetta sinn.

„Konan mín er alin upp í Vesturbænum, hún elskar Vesturbæjarlaugina,“ segir hann og nefnir atvik þar sem parið hefur einhver skipti ekki náð samkomulagi um í hvora lauginna ætti að fara. Á endanum hafi hann farið í Seltjarnarlauslagina og hún í Vesturbæjarlaugina. „Svo hittumst við bara

heima,“ segir Unnar Ari og hlær.

„Sundlaugar eru svona hverfa- og landshluta-based. Svólítið eins og fótbolta,“ segir hann. „Fólk sem flytur eitthvert annað en kemur samt í gamla hverfið að fara í sund. Fólk þykir vænt um sína laug.“

Unnar Ari segist ekki fylgjast með fótbolta og ekki halda með neinu liði, en hann geti tengt við hugmyndina í gegnum sundlaugar. „Það er svipað költ í kringum það.“

Saknaði sundlauganna

Unnar Ari lærði í Flórens á Ítalíu og segir búsetu í öðru landi hafa átt þátt í kveikjunni að verkefninu. „Fólk sem býr erlendis finnur tenginguna og saknar þess mikið að fara í sund. Ég lærði í Flórens á Ítalíu og það er inni í miðju landinu. Þar eru engar sundlaugar og þú sérð hvergi sjó. Þar er Four Seasons-hótel og eitt spa með einni ískaldri sundbraut,“ segir hann. „Það er ekki alveg sama konseptið. Eftir að vera búinn að vera úti svona lengi var það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim að fara í Neslaugina.“

Sýningin verður opnuð 4. maí í innri sal Bío Paradísar við Hverfisgötu. „Þar verða allar myndirnar sýndar saman. Ein laug á Flúðum sem er einn blár kubbur með einum rauðum punkti, sú mynd án samhengisins segir lítið. En heildin er stór partur af þessu. Þetta verður líka í fyrsta sinn sem ég sé allar myndirnar saman.“


Unnar Ari vinnur einnig að vefverslun meðfram sýningunni. „Þá getur maður skoðað á netinu líka. En mér finnst stór partur af þessu að sjá allar myndirnar saman í einu rými.“ ■

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

• Austurströnd 14
• Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 28. apríl-1. maí

Lamba-
hryggur,
grillsagaður

2.685 kr/kg
3.399 kr/kg



KJARNAFÆÐI

30%

Kindagrillsneiðar,
beinlausar

2.029 kr/kg
2.899 kr/kg



Epli
Pink lady, 4 stk.

419 kr/pk
599 kr/pk

ISFUGL



Helgarsteik,
kalkúnalæri með beini

1.550 kr/kg
3.099 kr/kg

KJARNAFÆÐI



Nautgripahakk,
500 g

695 kr/pk
939 kr/pk

KJÖTSEL

30%

Kótiletur
í sítrónupipar

1.595 kr/kg
2.279 kr/kg



STJÖRNUGRIS



Brönstvenna,
pylsur og beikon

1.139 kr/pk
1.899 kr/pk

Heilsuvara
vikunnar

25%



Góðgerlar,
NOW, 60 hylki

2.759 kr/stk
3.679 kr/stk



Sigraðu
innkaupin
og fáðu
betra verð
á matvöru
með
Samkaupa
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

TAXI



www.dorma.is

VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN



Nature's **REST LUXURY** heilsurúm með C&J stillanlegum botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Rest Luxury er frábær heilsudýna með 18 cm háum pokagormum umvafið af hitaspengdum svampi. Gormakerfið er gert úr tviherðu stáli með mikinn og góðan stuðning. Natures Rest Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf/stíf. Natures Rest Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Sérlega vönduð gormadýna.

90x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni. 193.900 kr.

160x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni. 375.800 kr.



Nú **156.380 kr.**

Nú **303.083 kr.**

EKKI MISSA AF
ÞESSU

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR



KOLDING hægindastóll með skammel
Stillanlegur hægindastóll með skammel.
Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 169.900 kr.

Nú **137.024 kr.**



AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skammel. Ýmsir litir PVC.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **161.219 kr.**



BERMUDA

Útisófasett og borð. 210 x 210 x 80 cm.
Hægt að raða upp á marga vegu.

Fullt verð: 179.990 kr.

Nú **145.162 kr.**



AUSTIN sófi

3ja sæta rafdrifinn sjónvarpssófi. 198 x 95 x 98 cm.

Fullt verð: 299.900 kr.

Nú **241.869 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagördum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar
með fyrirvara um
prentvillur.

FRÉTTIR

AF ÖLLUM VÖRUM* HEFST Í DAG!



BOGGIE sófi

3ja sæta sófi í bleiku Toro áklæði. 186 x 77 x 85 cm.

Fullt verð: 119.900 kr.

Nú **96.699 kr.**



Nature's **SUPREME** heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Supreme er frábær heilsudýna. Gormakerfið er mýkra við axlasvæði, millistíft við miðjusvæði en stífara við neðra baksvæði. Convouled svampur (eggлага) er í efsta lagi dýnunnar sem gefur virkilega góðan stuðning og aðlögun. Einnig gefur lögunin á svampinum meira loftflæði sem auðveldar þér allar hreyfingar og snúning. Mismunandi svamplög gefa Natures Supreme frábæra mýkt.

90x200 cm rúm með
Classic botni.
104.900 kr.

180x200 cm rúm
með Classicbotni.
164.900 kr.



84.602 kr.

132.992 kr.



HOUSTON hornsófi

Fallegur sófi í Kentucky koníakslituðu Bonded leðri. Hægra eða vinstra horn. 275 x 210 x 85 cm.

Fullt verð: 249.900 kr.

Nú **201.544 kr.**



LICATA hornsófi

Glæsilegur hornsófi í Kentucky koníakslituðu bonded leðri.

226 x 226 x 82 cm.

Fullt verð: 269.900 kr.

Nú **217.674 kr.**

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

DORMA

Láttu drauminn rætast



Bakþankar

Magrétar Erlu
Maack



Þjóðfæri, eldur og töskubelti

Gleðilega aðventu, kæra þjóð. Eurovision-aðventu. Performansveislan er á næsta leiti og ég mun ekki tala um neitt annað. Ég er eins og æstasta fótboltabulla, og skil ekki fólk sem hefur ekki gaman af keppninni. Lífið raðast í kringum þessi þrjú kvöld þar sem pallieturnar og ljósasjóvið eru allsráðandi.


Góðu atriðin, vel sömdu lögin og keppendur samkvæmt nýjustu tísku eru alls ekki það sem heillar mig. Ég vil gímmikk og algjört rugl. Deepzone & Baltazaar kepptu fyrir hönd Búlgaríu 2008 með einhvern agalegan reggíklúbbaþræðing þar sem plötusnúður á sviðinu scratchaði logandi plötur. Nokkru fyrr fór Sakis Rouvas á flikklakkeljarstökki inn í hjarta mitt stuttu eftir að hann reif bakraddasöngkonur úr hvítum buxnadrögtum með einu handtaki og þær skökuðu sig í glæsilegum kögurbikiníum restina af laginu. Hvernig atriði Tyrklands er það árið skilar sér strax næstu helgi í gæsunum sem vilja læra heitasta poppmagadansinn. Veskið mitt finnur fyrir því þau ár sem Tyrkland sendir rokklag.

Auðvitað er skemmtilegast þegar Ísland kemst upp úr undanriðli. Ég er nokkuð bjartsýn í ár þótt veðbankar séu ósammála. Ef Danmörk myndi senda svona lag myndi mamma kjósa það áfram.

Eurovision er keppni í tónlist upp að ákveðnu marki, en ekki síst keppni í þriggja mínútna skemmtiatriði og sjónvarpsframleiðslu. Einlægni, sönghæfileikar og gott lag er bara hluti af verkfærunum sem eru í boði. Eldur, konfettí, þjóðfæri, oliubornir skrokkar, frumleg grafík, töskubelti sem hægt er að dansa á, ofurlítið skautasvell og búningaskipti eru líka vænleg til vinnings. Upp með snakkið. ■

UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐUNEYTIÐ

VIÐ ERUM STOLT OG FULL AF ELDMÓÐI



Kuðungurinn er viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í umhverfismálum sem er veitt árlega til fyrirtækja og stofnana. Að hljóta þessa viðurkenningu skiptir okkur miklu máli.

Við höfum unnið mikið í okkar innra starfi þar sem við vinnum að því að draga úr allri sóun og kolefnisspori okkar. Það er gert með því t.d. að auka úrgangsflokkun, fara í orkuskipti á vélum, tækjum og bifreiðum, setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla og margt fleira.

Það er ekki síður mikilvægt að hafa áhrif út á markaðinn, á okkar viðskiptavini, hönnuði, arkitekta og verktaka, með því að bjóða upp á vistvæn byggingarefni sem uppfylla kröfur helstu

vistvottunarkerfa eins og BREEAM og Svaninn ásamt því að bjóða upp á fræðslu varðandi byggingarefni, vistvottunarkerfin og ávinning þess að byggja vistvænt.

Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir 1/3 af kolefnisspori heimsins svo við höfum öll verk að vinna. Við í BYKO viljum gera okkar besta til að vera fyrirmynd og hafa áhrif á byggingariðnaðinn í heild sinni og hvetjum við til vistvænni framkvæmda.

Með vistvænum kveðjum,

Sig. Þor. Þórn.
Forstjóri BYKO

Fermingar- skraut

Faxafeni 11,
108 Reykjavík
www.partybudin.is



SAMAN Í
60 ÁR

BYKO